

Skólaskýrsla

Skólaárið 2025 - 2026

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit **3**
1 Inngangur **6**
2 Tölulegar upplýsingar **6**
2.1 Haustönn 6
2.2 Vorönn 7
3 Námsframboð **8**
4 Skólastarf **9**
4.1 Innra starf 9
4.2 Valfög fyrir grunnskólanemendur 10
4.3 Stofnun ársins 10
4.4 Jafnvægisvog FKA 10
4.5 UNESCO skóli 10
4.6 Gjafir og styrkir 11
4.7 Ferðalög og heimsóknir 12
4.8 Skólameistari kveður 15
5 Viðburðir á skólaárinu **16**
5.1 Móttaka nýnema 16
5.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema 16
5.3 Heimsókn Píeta 16
5.4 Þrískólafundur í FS 17
5.5 Valkynning á sal 18
5.6 Dagur umburðarlyndis og baráttu gegn einelti 18
5.7 Uppbrotsdagur 18
5.8 Heimsókn ráðherra 19
5.9 Forvarnardagur ungra ökumanna 19
5.10 Starfshlaup 19
5.11 Söngkeppni framhaldsskólanna 20
5.12 Dimmisio 21
6 Skýrsla námstjóra **23**
6.1 Starfið veturinn 2025-2026 23

6.2 Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað 27
6.3 Lokaorð 74
7 Skýrsla bókasafns 75
7.1 Um safnið 75
7.2 Skólaárið 2025-2026 75
7.3 Aðföng og safnkostur 75
7.4 Útlán 76
8 Skýrsla námsráðgjafa 77
8.1 Inngangur 77
8.2 Verkaskipting námsráðgjafa 77
8.3 Viðtöl 78
8.4 Námsstuðningur 78
8.5 Fornám 79
8.6 Starfsbraut 80
8.7 Farsæld 80
8.8 Foreldrasamstarf 80
8.9 Námskeið og fagfundir 80
8.10 Fundir innan FS 80
8.11 Námskynningar 80
8.12 Töflubreytingar og fleiri störf 80
8.13 Aðrir samstarfsaðilar 81
9 Skýrsla félagsráðgjafa 82
9.1 Skýrsla félagsráðgjafa 82
9.2 Skipulag þjónustu við nemendur 83
9.3 Lykiltölur 84
9.4 Önnur verkefni félagsráðgjafa og endurmenntun 88
9.5 Samantekt 90
10 Skýrsla alþjóðafulltrúa 91
10.1 Inngangur 91
10.2 Haustönn 91
10.3 Vorönn 93
10.4 Verkefni framundan 95
11 Skýrsla matsnefndar 96
11.1 Inngangur 96

11.2 Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum 96
11.3 Kennslumat 97
11.4 Miðannarkönnun 98
11.5 Könnun um mötuneyti 98
11.6 Könnun á viðhorfum foreldra og forráðamanna til skólastarfs 98
11.7 Innleiðing BRAVOLesson og vinna með ný gæðaviðmið 99
11.8 Stofnun ársins 100
11.9 Lokaorð 100
12 Skýrsla tómstundafulltrúa 101
12.1 Inngangur 101
12.2 Forvarnir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja 101
12.3 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS 105
12.4 Niðurlag 109

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2025 - 2026 í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um kennslu, innra starf, skólastarf og ýmsa viðburði á skólaárinu. Í skólaskýrslunni eru einnig skýrslur námstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, félagsráðgjafa, alþjóðafulltrúa, matsnefndar og tómstundafulltrúa.

2 Tölulegar upplýsingar

2.1 Haustönn

Fyrsti kennsludagur annarinnar var 19. ágúst en skólastarfið hófst tveimur dögum fyrr þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera þessum yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla.

Nemendur í dagskóla voru um 1050 en nýnemar voru 315 og er það stærsti nýnemahópur frá upphafi. Þá voru um 160 nemendur í síðdegisnámi og grunnskólanemendur um 140. Heildarfjöldi nemenda var því um 1350.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum. Nýir starfsmenn voru þau Elínborg Ingvarsdóttir, Elísabet Inga Kristófersdóttir, Karen Rúnarsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Lísbet Guðný Þórarinsdóttir, Sigríður Rut Ragnarsdóttir, Thelma Dögg Árnadóttir og Ægir Karl Ægisson. Auk þess voru nokkrir stundakennarar á önninni. Auður Edda Gunnarsdóttir, Elín Anna Guðmundsdóttir, Hlynur Ómar Svavarsson, Jóhannes Gylfason, Ljósbrá Mist Bjarnadóttir, Páll Reykdal Jóhannesson, Sandra Mjöll Ólafsdóttir, Vilhjálmur Gunnarsson og Þórdís Sveinsdóttir hættu störfum. Guðmundur Grétar Karlsson var í námsleyfi á önninni, Sunna Pétursdóttir í fæðingarorlofi og Katrín Sigurðardóttir í veikindaleyfi. Einar Trausti Óskarsson og John Richard Middleton komu aftur úr leyfi. Guðlaug Pálsdóttir tók aftur við starfi aðstoðarskólameistara, Íris Lind Björnsdóttir leysti Sunnu Pétursdóttur af sem brautarstjóri á starfsbraut, Elín Rós Bjarnadóttir tók við stöðu námstjóra og Kristjana Hrönn Árnadóttir við stöðu alþjóðafulltrúa. Ný staða tómstundafulltrúa var tekin upp en hann starfar með nemendum og stjórn nemendafélagsins við allt sem snýr að félagslífi nemenda. Elínborg Ingvarsdóttir var ráðin til starfans en hún er einmitt fyrrverandi nemandi skólans.

Brautskráning haustannar fór fram föstudaginn 19. desember. Dagurinn var frekar dimmur og aðeins blautur en innandyra var eintóm birta og hlýja enda er þessi dagur er alltaf hátíðlegur fyrir útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra og ekki síður fyrir starfsfólk skólans. Að þessu sinni útskrifuðust 54 nemendur; 32 stúdentar, 13 úr verk- og starfsnámi, 7 iðnmeistarar, 2 luku prófi af tölvuleikjabraut Keilis og 2 útskrifuðust af starfsbraut. Þess má geta að sumir luku prófi af fleiri en einni braut. Konur voru 30 en karlar 24. Alls komu 39 úr Reykjanesbæ, 9 úr Suðurnesjabæ, tveir úr Grindavík og Vogum og einn úr Reykjavík og Hafnarfirði.

2.2 Vorönn

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluafhendingu en kennsla hófst 6. janúar. Nemendur í dagskóla voru 990 og rúmlega 130 í síðdegisnámi en auk þess stunduðu um 130 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Heildarfjöldi nemenda var því um 1250.

Þrír nýir starfsmenn bættust í hópinn í upphafi vorannar, kennararnir Hannes Jón Jónsson og Haukur Hilmarsson og Jóhanna Ýr Óladóttir stuðningsfulltrúi.

Brautskráning vorannar fór fram á sal skólans föstudaginn 29. maí. Útskrift vorsins var sú fjölmennasta í sögu skólans og var því fjölmenni á sal, útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Að þessu sinni útskrifuðust 168 nemendur og er það stærsti hópur sem hefur útskrifast frá skólanum, einum fleiri en síðasta vor. Þar af voru 127 stúdentar, 19 luku verknámi, 19 luku námi af starfsnámsbrautum, 8 af starfsbrautum og 1 iðnmeistari. Þess má geta að sumir ljúka prófi af fleiri en einni braut. Konur voru 100 en karlar 68. Alls komu 116 úr Reykjanesbæ, 23 úr Suðurnesjabæ, 5 eru með lögheimili úr Grindavík, 1 úr Vogum og 23 komu annars staðar af landinu. Þess má geta að með tilkomu dreifnáms í einka- og styrktarþjálfun hefur þeim útskriftarnemendum sem ekki búa á Suðurnesjum fjölgað verulega.



Útskriftarhópurinn á vorönn 2026.

3 Námsframboð

Skólinn hefur lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt bóknám, verknám og starfsnám. Markmiðið er að mæta þörfum svæðisins varðandi nám á framhaldsskólastigi.

Á haustönn 2025 var farið af stað með námsbraut í fótaaðgerðafræði. Brautin hafði verið kennd hjá Keili en fluttist til skólans samkvæmt samkomulagi skólans og Keilis.

STÚDENTSBRAUTIR

Félagsvísindabraut
Fjölgreinabraut
Íþrótta- og lýðheilsubraut
Listnámsbraut - myndlistarlína
Listnámsbraut - tónlistarlína
Raunvísindabraut
Tölvufræðibraut
Tölvuleikjagerð
Viðskipta- og hagfræðibraut
Stúdentspróf af starfs- og verknámsbrautum

FRAMHALDSSKÓLABRAUTIR

Framhaldsskólabraut - Bóknámslína
Framhaldsskólabraut - Fornámslína
Framhaldsskólabraut - Íþrótta- og lýðheilsulína
Framhaldsskólabraut - Listnámslína, myndlist
Framhaldsskólabraut - Listnámslína, textíl
Framhaldsskólabraut - Tölvulína
Framhaldsskólabraut - Tölvuþjónustulína
Framhaldsskólabraut - Verknámslína

STARFS- OG VERKNÁMSBRAUTIR

Einka- og styrktarþjálfun
Fótaaðgerðafræði
Grunndeild málm- og véltæknigreina
Grunndeild matvæla- og ferðagreina
Hársnyrtiiðn
Húsasmíðabraut
Pípulagnabraut
Rafvirkjabraut
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrú
Vélstjórn

MEISTARASKÓLI

Iðnmeistaranám

STARFSBRAUT

Starfsbraut
Framhaldsskólabraut - Starfsbraut

ERLENDIR NEMENDUR

Námsbraut fyrir erlenda nemendur

4 Skólastarf

4.1 Innra starf

Haustönn

Þann 15. september kom Ingibjörg Karlsdóttir sérfræðingur í vinnumati hjá Félagi framhaldsskólakennara hjá Kennarasambandi Íslands og fræddi kennara um lestur vinnumats og svaraði spurningum þar af lútandi.

Þann 29. september var haldinn þrískólafundur í samstarfi við Fjölbrautaskólann á Selfossi og Fjölbrautaskóla Vesturlands þar sem starfsfólk skólanna kom saman til starfsþróunar og faglegs samtals. Á dagskrá voru meðal annars erindi frá Viðari Halldórssyni, Önnu Sigurðardóttur og Hermínu Gunnþórsdóttur um félagslega þætti skólastarfs, vellíðan og gæði kennslu.

Þann 9. október heimsótti menntamálaráðherra skólann og kynnti fyrirhugaðar breytingar á stjórnsýslu framhaldsskóla, sem skapaði vettvang fyrir umræðu og spurningar starfsfólks um þróun málaflokksins.

Vorönn

Í upphafi annar var sérstök áhersla lögð á stuðning við kennara í tengslum við stafræn kennslu- og upplýsingakerfi. Þann 12. janúar voru haldnar vinnustofur í Innu og Moodle þar sem kennurum bauðst hagnýt aðstoð og ráðgjöf um uppsetningu áfanga, námsmat, skráningar og notkun kerfanna í daglegu starfi. Starfsmenn fengu fræðslu um lífeyrismál í samstarfi við LSR þann 12. febrúar og í apríl voru haldin örnámskeið um nýtingu Innu og Moodle í kennslu og námsmati. Tengsl við samstarfsaðila, þróun námsframboðs og stefnumótandi umræða voru einnig fyrirferðarmikil á vorönninni.

Á vorönninni fór fram markviss skólaþróunarvinna í fundartímum þar sem starfsfólk starfaði í sérhæfðum þróunarhópum með mismunandi áherslur. Skólaþróunarhóparnir unnu meðal annars að kennsluaðferðum, námsefnisgerð, þróun á starfsbraut, tækni í kennslu og tengslum við vettvang og samfélag. Samhliða störfuðu gervigreindarhópar sem fjölluðu um textagerð og skrif, myndrænt efni og hönnun, námsmat og endurgjöf, stærðfræði og kynningar og upptökur. Hóparnir hittust reglulega á önninni og héldu áfram vinnu sinni á sóknardögum í maí þar sem lögð var áhersla á samantekt verkefna, miðlun reynslu og kynningu á afrakstri vetrarins.

4.2 Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Valfögin standa bæði 9. og 10. bekk til boða. Þetta skólaár voru hópar í ensku, stærðfræði, textíl og hár, rafiðnum og húsasmíði. Einnig var boðið upp á forritun og málmsmíði en því miður náðist ekki í hóp í þeim greinum.

4.3 Stofnun ársins

Val á Stofnun ársins 2025 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 12. febrúar en titlana Stofnun ársins og Stofnun ársins - borg og bær hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í könnun Sameykis meðal starfsmanna þeirra. Könnunin náði til starfsmanna í opinberri þjónustu hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 2. sæti í flokki stórra ríkisstofnana í könnuninni en í síðustu þremur könnunum var skólinn í efsta sæti í þessum flokki. Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40-89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær skólinn þann titil nú í 10. sinn á síðustu tólf árum.

Það voru Kristján Ásmundsson skólameistari og Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari sem tóku við viðurkenningunni fyrir hönd skólans.

4.4 Jafnvægisvog FKA

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu, fyrir árið 2025. Að þessu sinni hlutu 90 fyrirtæki, 16 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar þessa viðurkenningu. Að hreyfiaflsverkefninu standa auk FKA, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Creditinfo, Deloitte, Pipar\TBWA, Ríkisútvarpið, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjóvá.

4.5 UNESCO skóli

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er orðinn UNESCO-skóli en umsókn skólans var samþykkt eftir nokkuð ferli. Ferlið var unnið í samvinnu við Suðurnesjavettvang og Reykjanes Jarðvang en þessir aðilar hafa sett af stað verkefni í samvinnu við UNESCO skóla á Íslandi til að styðja við leik-, grunn, og framhaldsskóla á Suðurnesjum að gerast UNESCO skólar.

UNESCO hefur starfrækt samstarfsnet skóla á alþjóðavísu frá árinu 1953 undir nafninu UNESCO Associated Schools Project Network eða ASPnet. Þeir eru nú um 10.000 talsins og starfa í 180 löndum. Skólarnir eru á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. UNESCO-verkefni auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og þekkingu nemenda á málefnum Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðunum.

Í tilefni þessara tímamóta heimsótti Sigrún Svafa Ólafsdóttir, verkefnastjóri fræðslumála hjá Reykjanes jarðvangi og GeoCamp Iceland, skólann. Hún afhenti m.a. bækur og efni frá Reykjanes GeoPark sem skólinn mun nýta. Það eru kennararnir Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir og Davíð Ásgeirsson sem hafa haldið utan um þetta verkefni fyrir hönd skólans og þau tóku við gjöfunum ásamt Kristjáni Ásmundssyni skólameistara og Guðlaugu Pálsdóttur aðstoðarskólameistara.

4.6 Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem fer fram innan hans.

Á haustönn færði Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, rafiðnnemum á 1. ári vandaðar vinnubuxur. Þetta er þriðja árið í röð sem Rafmennt gefur buxur en allir nemendur sem hefja nám í rafiðnum fá þessa gjöf. Það voru þær Elísa Einarsdóttir og Hafdís Reinaldsdóttir frá Rafmennt sem afhentu gjöfina.



Nemendur í rafiðnum fengu vinnubuxur að gjöf frá Rafmennt.

4.7 Ferðalög og heimsóknir

Haustönn

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Á haustönn mætti handknattleiksmaðurinn Patrekur Jóhannesson og flutti fyrirlestur um lífið hjá afreksíþróttafólki og þær áskoranir sem afreksíþróttafólk tekst á við. Dr. Georgios Bountakis, yfirþjálfari hjá Júdófélagi Reykjanesbæjar ræddi við nemendur um hvað þarf til þess að vera afreksmaður í íþróttum, aga, einbeitingu o.fl. Sigrún Haraldsdóttir frá Happy Hips flutti erindi um bandvefslosun, æfingabolta og æfingarúllur og tengdi það við tvo verklega tíma sem hún var með fyrr á önninni.

Nemendur í sjónlistum og ljósmyndun heimsóttu Listasafn Reykjanesbæjar og fengu leiðsögn um sýningarnar Hulduefni með verkum eftir Vilhjálm Bergsson og Heimsmynd með verkum eftir Áka Gränz. Auk þess skoðuðu nemendur sýningu Byggðasafnsins um Ástu Árnadóttur sem var fyrsti lærði húsamálarinn á Íslandi og fyrsta konan á Íslandi með iðnpróf. Allir þessir listamenn eru frá Suðurnesjum. Nemendur í myndlist fóru á sýningu á Kjarvalsstöðum og skoðuðu þar Ósagt, sýningu á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur. Nemendur fengu leiðsögn frá kennara um sýninguna og völdu sér svo uppáhaldsverk. Nemendur í TEIK valáfanga horfðu á heimildamyndina Dagurinn sem Ísland stöðvaðist og fengu stutta kynningu um kvennaverkfallið og symbolismann í kringum kvennahreyfinguna. Nemendur gerðu sín eigin mótmælendaspjöld til að minna á réttindi kvenna og kvára. Nemendur í lista- og menningaráfanga skoðuðu útilistaverk í Reykjanesbæ, kynntu sér aðalsafn Bókasafns Reykjanesbæjar og Rokksafn Íslands og heimsóttu Byggðasafn Reykjanesbæjar.

Í byrjun október var opnuð ljósmyndasýning í Gallerí Skúmaskot á 2. hæð skólans. Það voru nemendur í tölvuleikjagerð sem stunda nám í ljósmyndaáfanga sem sýndu þar myndir sínar og átti hver nemandi eina mynd á sýningunni.

Nemendur í vélstjórn fóru í vettvangsferð á höfuðborgarsvæðið. Fyrst var farið í Vélsmiðju Orms og Víglundar í Garðabæ og síðan var haldið um borð í eitt af nýju skipum Eimskips, MV Brúarfoss.

Á starfsbraut fóru nemendur á lokaári í starfsnámi í heimsóknir til nokkurra fyrirtækja. Það voru Hótel Keflavík, Blue Car Rental, Brunavarnir Suðurnesja og The Manicure Company en það er skóli og heildsala í snyrtifræði. Markmið þessara heimsókna var að vekja áhuga nemenda á ólíkum störfum og vinnustöðum og möguleikum þeirra til framtíðastarfa.

Nemendur í fatasaumsáföngum heimsóttu Systur og maka en það er verslun með íslenska hönnun og framleiðslu í formi fatnaðar, skarts, heimilisvöru og gjafavöru.

Nemendur í háriðnum fóru á útskriftasýningu Tækniskólans sem var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og voru módel á sýningunni. Þá kom nemandi héðan sem hefur nýlokið sveinsprófi og var með með sýnikennslu í hárlitun auk þess að spjalla við nemendur um námið og starfið.

Vorönn

Nemendur á afreksíþróttalínu fengu góða heimsókn þegar systkynin Emma Steinsen og Agnar Smári Jónsbörn litu við. Emma er leikmaður meistaraflokks Víkings í fótbolta og nemandi í uppeldis og menntunarfræði við Háskóla Íslands en Agnar Smári er leikmaður meistaraflokks Vals í handbolta og rakari á Portinu. Þau fluttu áhugaverðan fyrirlestur sem þau kalla Á bak við grímuna en þar ræddu þau um mótlæti, sigra, einlægni, alvöru og árangur.

Haraldur Bergvinsson, verkefnastjóri hjá KLAK Icelandic Startups, heimsótti nemendur í frumkvöðlafræði. Hann kynnti Lean Canvas fyrir nemendum og fór yfir hvernig setja eigi upp slíka viðskiptaáætlun. Fida Abu Libdeh, framkvæmdastýra og stofnandi GeoSilica, heimsótti einnig frumkvöðlafræðina. Fida sagði nemendur frá sínu ferli sem frumkvöðull við stofnun GeoSilica og fékk að heyra hugmyndir nemenda og veita þeim góð ráð.

Nemendur í frumkvöðlafræði stofnuðu fyrirtæki á önninni og þróuðu eigin vörur. Alls voru stofnuð níu fyrirtæki sem tóku þátt í Vörumessu Ungra frumkvöðla í Smáralind 17. og 18. apríl sem er hluti af verkefni JC, Ungir frumkvöðlar. Þar mættu 620 nemendur frá 18 framhaldskólum og kynntu og seldu nýsköpun sína. Til að undirbúa sig héldu hóparnir sína eigin vörumessu á sal skólans fimmtudaginn 9. apríl. Þar kynntu þau sig og vörurnar sem þau hafa þróað. Þar mátti m.a. sjá öpp, skrautmuni, matvörur o.fl.

Nemendur í myndlist voru duglegir að sýna verk sín á önninni. Á gangi á 2. hæð eru tvö rými, Gallerí box og Gallerí skot, þar sem nemendur geta sýnt verk sín. Þar sýndu nemendur tilraunir í málmi og pappa með innsetningu. Nemendur í íslenskri listasögu sýndu svo afrakstur úr skissubókarverkefni þar sem hópurinn vann með frumkvöðla í íslenskri höggmyndalist. Nemendur á 2. ári í sjónlistum voru með samsýningu á verkum sínum. Nemendur í málunaráfanga fóru í heimsókn í vinnustofu Sossu í Reykjanesbæ og fengu leiðsögn um sýningu með verkum eftir Tuma Magnússon í Listasafn Reykjanesbæjar. Nemendur í TEIK áfanga skoðuðu einnig sýningu Tuma.

Útskriftarnemendur á starfsbraut fóru í vettvangsheimsókn til Isavia á Keflavíkurflugvelli. Þar fengu þau kynningu á starfsemi flugvallarins og innsýn í mikilvægt hlutverk hans. Nemendur á starfsbraut fengu samfélagslögregluna í heimsókn. Heimsóknin var skemmtilegur endapunktur á ítarlegri umfjöllun um störf lögreglunnar í lífsleikniáfanga.

Nemendur í vélstjórn heimsóttu fyrirtækið KAPP sem sérhæfir sig í smíði og uppsetningu kælibúnaðar fyrir fiskiskip og matvælaiðnað. Nemendur í vélvirkjun, rennismíði og grunndeild málmiðna heimsóttu Geislatækni í Garðabæ. Nemendur á vélstjórnarbraut skoðuðu svo sorpbrennslustöðina Kölku. Þar var tekið mjög vel á móti hópnum og fengu allir hressingu og m.a.s. páskaegg í nesti!

Barna- og ungmennahátíð Reykjanesbæjar stóð yfir í apríl og maí. Útskriftarnemar á listnámsbraut tóku þátt og sýndu verk sín í Bíósalnum í Duushúsum dagana 30. apríl - 10. maí. Sýningin var opnuð fimmtudaginn 30. apríl. Fjölmenni var við opnunina en Helga Þórsdóttir forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar bauð gesti velkomna fyrir hönd safnsins. Níu nemendur áttu verk á sýningunni, Birna Margrét Færseth, Embla Sigríður Daníelsdóttir, Fallah Hassan Abdullah, Guðný Kristín Ásgeirsdóttir, Ísabella Chadwick Hilmisdóttir, Katla María Brynjarsdóttir, Sandra Maria Rawluszko, Svandís Huld Bjarnadóttir og Vilborg Ronja Ragnarsdóttir. Að sýningunni lokinni keypti skólinn eitt verkanna og fyrir valinu varð málverkið „Stormur í vatnsglasi“ eftir Söndru Maríu Rawluszko. Þetta var annað skiptið sem skólinn kaupir eitt verk af útskriftarsýningu listnámsnemenda og er ætlunin að gera það framvegis.



Útskriftarnemar á listnámsbraut sýndu verk sín í Bíósalnum í Duushúsum.

4.8 Skólameistari kveður

Kristján Ásmundsson skólameistari sagði starfi sínu lausu undir lok skólaársins þrátt fyrir að eiga eitt ár eftir af fimm ára skipunartíma sínum. Hann hóf störf við skólann árið 1986 og var því að ljúka 40. starfsári sínu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Kristján hafði verið farsæll stjórnandi við skólann til fjölda ára og notið virðingar og vinsælda meðal starfsfólks.

Að sögn Kristjáns ákvað hann að segja starfi sínu lausu eftir fund með starfsfólki menntamálaráðuneytis um fyrirhugaða viðbyggingu við skólann. Á fundinum með ráðuneytisfólki kom fram að engar ákvarðanir höfðu verið teknar um tímasetningu eða annað varðandi viðbyggingu við skólann. Því var ljóst að skólinn þyrfti að bíða enn um sinn eftir úrbótum varðandi húsnæði fyrir verk- og starfsnám en einnig bóknám og aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk. Í skólanum er mjög stór starfsbraut og mikill fjöldi nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Skólastarfið er því mjög fjölbreytt og mikilvægt fyrir samfélagið á Suðurnesjum og aðstöðuleysi er því farið að hafa veruleg áhrif á skólastarfið og starfsemi skólans. Kristján taldi því nóg komið og ákvað að hætta störfum við skólann. Hann taldi sig ekki komast lengra með þetta mál og harmaði áhugaleysi stjórnvalda á málefnum skólans.

Á útskrift vorannar brautskráði Kristján nemendur frá skólanum í síðasta skipti. Það kom fáum á óvart að Kristján gerði það ekki að umtalsefni en í ræðu sinni ávarpaði hann fyrst og fremst útskriftarnemendur og ræddi einnig um skólann og stöðu hans. Það kom því í hlut annarra að minna á starfslok hans. Ástríður Auðbjörg Halldórsdóttir nýstúdent flutti ávarp fyrir hönd brautskráðra og Telma Rut Eiríksdóttir brautarstjóri starfsbrautar flutti útskriftarnemendum kveðjuræðu starfsfólk en þær þökkuðu báðar Kristjáni fyrir framlag hans til skólans. Undir lok athafnarinnar afhenti Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari Kristjáni gjöf frá skólanum og þakkaði honum fyrir fórnfúst starf undanfarin 40 árs. Viðstaddir risu á fætur og fögnuðu vel og innilega enda hefur Kristján verið ákaflega færsæll stjórnandi og kennari við FS. Útskriftardagur er síðasti dagur skólaársins þar sem allir starfsmenn eru við vinnu og er venja að starfsfólk komi saman eftir útskriftarathöfnina. Þar færði starfsfólk skólans Kristjáni kveðjugjöf og að því loknu var honum vel fagnað.

5 Viðburðir á skólaárinu

5.1 Móttaka nýnema

Fyrstu viku annarinnar stóð nemendafélagið NFS fyrir nýnemaviku en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Boðið var upp á fjölbreyttar uppákomur á hverjum degi. Vikan var svo sannarlega skemmtileg og vonandi að nýnemum finnist vel tekið á móti þeim.

5.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema

Þriðjudaginn 26. ágúst var kynningarfundur fyrir foreldra nýnema. Fundurinn var haldinn á sal skólans og var einnig streymt á YouTube. Kristján Ásmundsson skólameistari setti fundinn og bauð gesti velkomna. Elín Rós Bjarnadóttir, Rósa Guðmundsdóttir og Þjóðbjörg Gunnarsdóttir námstjórar sögðu frá vef skólans og kynntu skólakerfið Innu. Stjórn nemendafélagsins NSF kynnti starfsemi félagsins og sagði frá því helsta sem verður á dagskrá í vetur. Elínborg Ingvarsdóttir nýráðinn tómstundafulltrúi skólans sagði frá sínu starfi. Þá var ný stjórn Foreldrafélags FS kosin. Að dagskránni lokinni gafst gestum tækifæri til að ræða við umsjónarkennara barna sinna, skólastjórnendur, námsráðgjafa og félagsráðgjafa skólans.

5.3 Heimsókn Píeta

Í byrjun september var dagskrá á sal á vegum Píeta samtakanna. Þau sinna forvarnar-, fræðslu- og meðferðarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða en Gulur september er einmitt helgaður sjálfsvígsforvörnum. Samtökin heimsóttu alla framhaldsskóla landsins í mánuðinum og svo vildi til að heimsóknin til okkar var einmitt á Gula deginum, 10. september.

Það voru þau Tómas Daði Bessason sálfræðingur og Birna Rún Eiríksdóttir leikkona sem mættu og ræddu við nemendur á sal. Þau ræddu m.a. um andlega líðan og geðheilbrigði og mikilvægi þess að opna á hlutina þegar vanlíðan eykst. Einnig bentu þau á úrræði og aðstoð sem hægt er að fá innan skóla og utan. Í lokin dreifðu þau spilastokkum frá Píeta en á spilunum eru leiðbeiningar og hvatning.

5.4 Þrískólafundur í FS

Samstarfsfundur starfsfólks framhaldsskólanna á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi var haldinn í FS mánudaginn 29. september. Þessir skólar hafa lengi unnið saman að ýmsum málum eins og námsframboði og skipulagi náms. Allt starfsfólk skólanna hittist síðan á tveggja til þriggja ára fresti og skiptast skólarnir á um að halda þá fundi. Að þessu sinni var komið að okkur að halda fundinn. Kristján Ásmundsson skólameistari bauð fólk velkomið og setti fundinn. Anna Sigurðardóttir og Hermína Gunnþórsdóttir fluttu síðan fróðlegt erindi um gæði kennslu og ræddu sérstaklega um líðan nemenda í því sambandi. Að því loknu skipti starfsfólk sér í hópa eftir kennslugreinum og störfum og bar saman bækur sínar. Að loknum ljúffengum hádegisverði var komið að Viðari Halldórssyni að flytja áhugavert erindi um félagslega töfra og hvernig þeim er ógnað í nútímasamfélagi. Eftir þetta skemmtilega framlag spjallaði fólk saman áður en haldið var heim.



Frá Þrískólafundi í september.

5.5 Valkynning á sal

Fimmtudaginn 2. október var kynning á valáföngum á sal. Þar kynntu kennarar í ýmsum námsgreinum þá valáfanga sem nemendur geta tekið á næstu önn. Þar má nefna áfanga í sálfræði, þýsku, textíl, raungreinum, tölvugreinum, listgreinum og einnig Fab Lab o.fl. Nemendur voru duglegir að spyrja og ræða við kennara. Nemendur hafa örugglega fundið spennandi valáfanga til að velja á næstu önn og ekki síður áfanga sem henta sem undirbúningur fyrir frekara nám. Þetta var í þriðja sinn sem boðið er upp á kynningu á valáföngum á sal og er þetta gott tækifæri fyrir nemendur að kynna sér þá fjölbreyttu valáfanga sem eru í boði. Valáfangarnir voru svo líka kynntir á veggjum og auglýsingaskjám á meðan valið stendur yfir. Valkynningin var svo endurtekin á vorönn og þá var kynningin fimmtudaginn 5. febrúar. Þar kynntu kennarar fjölmarga valáfanga sem hægt var að velja á næstu önn.

5.6 Dagur umburðarlyndis og baráttu gegn einelti

Fimmtudaginn 13. nóvember var haldið upp á Dag gegn einelti og Dag umburðarlyndis í skólanum. Þessir dagar eru reyndar 8. og 16. nóvember og féllu því báðir á helgi að þessu sinni. Því var ákveðið að sameina þessa daga þennan ágæta fimmtudag. Í kennslustund rétt fyrir hádegi ræddu kennarar og nemendur um jákvæð samskipti og umburðarlyndi. Nemendur skrifuðu svo alls konar jákvæð skilaboð á límmiða sem voru hengdir á kærleikstré sem búið var að „gróðursetja“ á sal. Í hádeginu var svo stutt dagskrá á sal þar sem nokkrir nemendur fluttu hugleiðingar um vináttu og umburðarlyndi. Síðan sungu allir saman lagið Það þarf fólk eins og þig eftir Rúnar Júlíusson og dagskránni lauk svo með því að nemendafélagið bauð upp á skúffuköku sem nemendur í matreiðslu höfðu bakað.

5.7 Uppbrotsdagur

Miðvikudaginn 18. febrúar var uppbrotsdagur í skólanum sem var að þessu sinni helgaður heilsu, vellíðan og kvikmyndum. Boðið var upp á námskeið, fyrirlestra og kvikmyndasýningar. Nemendur skráðu sig á þrjár stöðvar yfir daginn og gátu valið um margs konar hreyfingu og leiki, hugleiðslu, dans, jóga og margt fleira auk fræðslu um heilsu og heilbrigðan lífsstil. Allir tóku þátt af lífi og sál og það var líf og fjör um allan skólann.

Í fyrsta hléi dagsins var boðið upp á ávexti og létt skemmtiatriði á sal. Í hádeginu var svo matartorg þar sem boðið var upp á fjölbreyttar veitingar. Hinn eini sanni Jón Jónsson mætti svo á svæðið og tók nokkur lög og myndaðist mikil stemning í salnum. Þetta var fimmta árið í röð sem Jón heldur uppi fjörinu á uppbrotsdegi og kappinn brást ekki frekar en fyrri daginn. Það er óhætt að segja að þessi frábæri tónlistarmaður hafi farið á kostum og salurinn söng og dansaði með í hverju lagi.

5.8 Heimsókn ráðherra

Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra heimsótti skólann fimmtudaginn 9. október ásamt fríðu föruneyti ráðuneytisfólks. Ráðherra var að heimsækja alla framhaldsskóla landsins til að kynna fyrirhugaðar breytingar á skipulagi framhaldsskólanna. Gestirnir byrjuðu á því að skoða skólann í fylgd skólastjórnenda en héldu síðan fund með starfsfólki. Þar voru hugmyndirnar um nýtt stjórnsýslustig fyrir framhaldsskóla kynntar og gafst starfsfólki einnig tækifæri til að spyrja út í þær.

5.9 Forvarnardagur ungra ökumanna

Forvarnardagur ungra ökumanna var haldinn í 88 húsinu í mars en það eru nemendur í lýðheilsu sem taka þátt í deginum. Nemendur fengu fræðslu um umferðaröryggi, fengu að prófa veltubíl og ölvunargleraugu. Hápunkturinn var svo þegar lögreglan og slökkviliðið settu umferðarslys á svið þar sem nemendur tóku að sér að leika slasaða. Það eru 88 húsið, Lögreglan, Brunavarnir Suðurnesja og Landsbjörg sem standa að forvarnardeginum ásamt skólanum.

5.10 Starfshlaup

Einn af hápunktum hvers skólaárs er Starfshlaup Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem fer alltaf fram föstudaginn fyrir páskafrí. Starfshlaupið hóf göngu sína árið 1994 og hefur farið fram 29 sinnum. Í Starfshlaupinu skipta allir nemendur skólans sér niður í fimm lið sem hvert hefur sinn einkennislit. Fyrirliðar hvers liðs koma svo úr hópi útskriftarnemenda. Í hlaupinu reyna liðin með sér í flestum námsgreinum sem kenndar eru við skólann, fjölmörgum íþróttagreinum og ýmis konar þrautum og leikjum. Markmiðið er að ljúka keppninni á sem stystum tíma en liðin fá einnig stig fyrir frammistöðuna í hverri keppnisgrein.

Á þessari önn vildi svo illa til að óveður skall á keppnidaginn og þurfti því að aflýsa hlaupinu. Reynt var að koma á minni útgáfu af keppninni eftir páskafrí en ekki reyndist unnt að koma því við. Þetta voru auðvitað mikil vonbrigði en fyrirliðar liðanna og ekki síður umsjónarfólk Starfshlaupsins höfðu lagt mikla vinnu í undirbúning.

5.11 Söngkeppni framhaldsskólanna

Guðjón Þorgils Kristjánsson fulltrúi skólans sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór í Háskólabíó laugardaginn 11. apríl. Guðjón flutti lagið Strange eftir Celeste sem hann söng með eigin texta og nefndi lagið Ég skil ekki neitt. Í öðru sæti voru Baldur Björn Arnarsson og Sverrir Arnar Hjaltason úr Verslunarskóla Íslands með lagið Way Down We Go og í þriðja sæti var Katla Líf Drífu-Louisdóttir Kotze úr Menntaskólanum í Reykjavík með lagið Lúxus líf. Alls tóku keppendur frá 25 framhaldsskólum þátt í keppninni í ár. Dómnefndina skipuðu Helgi Björnsson, Bríet og Þormóður Egilsson og gilti val þeirra til helmings á móti atkvæðum í SMS-kosningu áhorfenda.

Þetta er í fyrsta sinn sem fulltrúi skólans sigrar Söngkeppni framhaldsskólanna. Guðjón Þorgils var heiðraður á sal í hádeginu mánudaginn eftir keppnina. Kristján Ásmundsson skólameistari afhenti Guðjóni blómvönd ásamt fulltrúum nemendafélagsins NFS og að því loknu klöppuðu viðstaddir og fögnuðu sigurvegaranum. Guðjón vann Hljóðnemann, söngkeppni NFS, í janúar og vann sér þar með keppnisrétt í framhaldsskólakeppninni. Áður hafði Guðjón unnið Söngkeppni Samfés árið 2024.



Guðjón Þorgils fékk blóm frá skólanum og nemendafélaginu.

5.12 Dimmisio

Í lok hverrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er Dimissio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum.

Dimissio haustannar fór fram á sal föstudaginn 28. nóvember. Hópurinn var að þessu sinni klæddur í kokkabúninga og til að halda upp á Svartan föstudag voru allir svartklæddir! Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og síðan var boðið upp á glæsilegan morgunmat í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem hópurinn veitti kennurum og starfsfólki viðurkenningar fyrir vel unnin störf og ýmislegt fleira. Þar voru krýnd gullmoli skólans, krúttið, yapperinn, íþróttafríkið og margir fleiri.

Dimissio vorannar fór svo fram fimmtudaginn 30. apríl. Þessi dimissio var sú fjölmennasta í sögu skólans enda hafa útskriftarhópar vorannar stækkað verulega undanfarin ár og þátttakan var óvenjumikil í ár. Að þessu sinni var litagleðin í fyrirrúmi en hópurinn mætti í málningargöllum sem hver og einn hafði skreytt og var gaman að horfa yfir þennan stóra og lítríka hóp. Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og samkvæmt venju var svo boðið upp á glæsilegan bröns í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem hópurinn byrjaði á að veita viðurkenningar fyrir vel unnin störf og reyndar ýmislegt fleira og þar komu þemakóngurinn, krútt skólans, BFF´s og fleiri við sögu. Síðan var komið að skemmtilegu myndbandi þar sem nemendur gerðu létt grín og eins og oft áður komu bílastæðamálin þar við sögu.



Útskriftarhópurinn á haustönn 2025.



Dimittantar og verðlaunahafar úr hópi starfsfólks á Dimissio haustannar.



Litagleðin var allsráðandi á Dimissio vorannar.

6 Skýrsla námstjóra

6.1 Starfið veturinn 2025-2026

6.1.1 Fundir á skólaárinu

Fundartímar voru tveir á viku þ.e. á mánudögum kl. 15:00-16:00 og á miðvikudögum frá 10:25-11:20. Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir, samráðsfundir, fagfundir, faggreinafundir, námsfundir, örnámskeið og erindi. Auk þess voru starfsþróunarklúbbar u.þ.b. einu sinn í mánuði í fundartíma þar sem fólk hittist og ræddi ýmis viðfangsefni tengd starfsþróun.

Haustönn 2025

Haustönn 2025 einkenndist af öflugri faglegri starfsemi, þróunarvinnu og fjölbreyttu samstarfi. Áhersla var lögð á starfsþróun, skólaþróun og áframhaldandi eflingu starfsumhverfis og faglegs samtals meðal starfsfólks.

Á önninni fóru fram reglubundnir fagfundir, faggreinafundir, námsfundir og samráðsfundir sem mynduðu mikilvægan vettvang fyrir faglega umræðu, skipulagningu og upplýsingamiðlun. Þann 15. september kom Ingibjörg Karlsdóttir sérfræðingur í vinnumati hjá Félagi framhaldsskólakennara hjá Kennarasambandi Íslands og fræddi kennara um lestur vinnumats og svaraði spurningum þar af lútandi. Þann 29. september var haldinn þrískólafundur í samstarfi við Fjölbrautaskólann á Selfossi og Fjölbrautaskóla Vesturlands þar sem starfsfólk skólanna kom saman til starfsþróunar og faglegs samtals. Á dagskrá voru meðal annars erindi frá Viðari Halldórssyni, Önnu Sigurðardóttur og Hermínu Gunnþórsdóttur um félagslega þætti skólastarfs, vellíðan og gæði kennslu. Þann 9. október heimsótti menntamálaráðherra skólann og kynnti fyrirhugaðar breytingar á stjórnsýslu framhaldsskóla, sem skapaði vettvang fyrir umræðu og spurningar starfsfólks um þróun málaflokksins.

Markviss vinna við skólaþróun var áberandi á önninni. Kennarar og námsráðgjafar tóku þátt í þarfagreiningu og undirbúningi þróunarverkefna innan FF og unnið var að skipulagningu verkefna á grundvelli niðurstaðna hennar. Þá var áfram unnið að umbótum á starfsumhverfi með breytingum á vinnuaðstöðu kennara. Þann 17. desember héldu Sigurður Fjalar Jónsson og Hjörvar Ingi Haraldsson erindi um notkun gervigreindar í námi og kennslu. Þar var m.a. fjallað um hagnýt verkfæri fyrir kennara og skólastarf.

Haustönninni lauk með áframhaldandi undirbúningi námsmats, prófahalds og annarloka, þar sem lögð var áhersla á samræmt verklag, þróun rafrænna lausna og faglega samvinnu starfsfólks við framkvæmd annarinnar.

Vorönn 2026

Vorönn 2026 markaðist af áframhaldandi uppbyggingu faglegs starfs, þróun verklags og markvissri vinnu við að styrkja innviði kennslu og stjórnunar. Á önninni var lögð rík áhersla á miðlun þekkingar, samráð og skólaþróun, meðal annars í gegnum námsfundi, samráðsfundi og fag- og faggreinafundi sem voru fastur þáttur í skipulagi starfsins.

Í upphafi annar var sérstök áhersla lögð á stuðning við kennara í tengslum við stafræn kennslu- og upplýsingakerfi. Þann 12. janúar voru haldnar vinnustofur í Innu og Moodle þar sem kennurum bauðst hagnýt aðstoð og ráðgjöf um uppsetningu áfanga, námsmat, skráningar og notkun kerfanna í daglegu starfi. Starfsmenn fengu fræðslu um lífeyrismál í samstarfi við LSR þann 12. febrúar og í apríl voru haldin örnámskeið um nýtingu Innu og Moodle í kennslu og námsmati. Tengsl við samstarfsaðila, þróun námsframboðs og stefnumótandi umræða voru einnig fyrirferðarmikil á vorönninni.

Á vorönninni fór fram markviss skólaþróunarvinna í fundartímum þar sem starfsfólk starfaði í sérhæfðum þróunarhópum með mismunandi áherslur. Skólaþróunarhóparnir unnu meðal annars að kennsluaðferðum, námsefnisgerð, þróun á starfsbraut, tækni í kennslu og tengslum við vettvang og samfélag. Samhliða störfuðu gervigreindarhópar sem fjölluðu um textagerð og skrif, myndrænt efni og hönnun, námsmat og endurgjöf, stærðfræði og kynningar og upptökur. Hóparnir hittust reglulega á önninni og héldu áfram vinnu sinni á sóknardögum í maí þar sem lögð var áhersla á samantekt verkefna, miðlun reynslu og kynningu á afrakstri vetrarins.

Áhersla á nýsköpun og þróun kennsluhátta var áfram sýnileg á önninni. Kennurum var kynnt sumarnámskeið kennara undir yfirskriftinni Framtíðarkennarinn - gervigreind í námi og kennslu, sem haldið verður í ágúst 2026 með stuðningi frá SEF. Með þeirri vinnu var áfram byggt undir faglega umræðu um stafræna þróun, nýja tækni og breyttar áherslur í kennslu og skólastarfi. Við lok annarinnar beindist athyglin að námsmati, prófaundirbúningi og skipulagningu komandi starfsárs með áherslu á samræmingu verklags og áframhaldandi gæðastarf innan skólans.

6.1.2 Vettvangsferðir og heimsóknir

Andrés Þórarinn Eyjólfsson og Gunnar Magnús Jónsson

- Nemendur í íþróttafræði heimsóttu höfuðstöðvar Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og kynntu sér starfsemi íþróttadeildar Morgunblaðsins.

Andri Sigurðsson

- Nemendur í uppeldisfræði fóru í heimsóknir í leikskóla á svæðinu í vor.

Ásdís Pálmadóttir og Íris Jónsdóttir

- Farið var með átta nemendur af háriðnbraut til Spánar í Erasmus+ verkefni. Nemendur fengu sýnikennslu og unnu síðan með módel í kjölfarið við að lita, klippa, blása og krulla. Skólinn sem heimsóttur var heitir Barcelona Hair Academy.

Ásta Svanhvít Sifjardóttir Sindradóttir

- Fór með nemendur í ÍSLE3NB05 í Þjóðleikhúsið á vorönn 2026.
- Fór með nemendur í ÍSLE2MÆ05 í vettvangsferð í Eddu á vorönn 2026.

Bjarki Ásgeirsson og Davíð Ásgeirsson

- Fóru með átta nemendur af rafiðnar- og húsasmíðabrautum til Cordóba á Spáni í Erasmus ferð.

Gunnar Magnús Jónsson

- Nemendur á afreksíþróttalínu fá fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Á haustönn komu handknattleiksmaðurinn Patrekur Jóhannesson og Dr. Georgios Bountakis, júdóþjálfari. Systkinin Emma Steinsen og Agnar Smári Jónsbörn litu við á vorönninni en þau eru bæði afreksfólk í íþróttum.

Haukur Hilmarsson og Þorsteinn I. Hjálmarsson

- Fóru með nemendur og heimsóttu KAPP, Geislatækni og sorpbrennslustöðina Kölku.

Hilmir Aron Kárason

- Fór með nemendahóp til Danmerkur í skólaheimsókn vegna Nordplusverkefnisins Technological Solutions for the future. Fengum m.a. námskeið um Vibe coding.

Hulda Egilsdóttir

- Fór með nemendur í Þjóðleikhúsið á vorönn 2026.

Kolbrún Marelsdóttir

- Fór með nemendur í 88-húsið á Forvarnardag ungra ökumanna.

Kristjana Hrönn Árnadóttir

- Vinnufundur alþjóðafulltrúa á Hótel Natura.
- Málstofa Erasmus+ um inngildingu.
- Tengslaráðstefna Erasmus samstarfsskóla í Ungverjalandi.

Kristín Þóra Möller

- Vettvangsferð í Eddu hús íslenskunnar og Þjóðminjasafnið með nemendur í ÍSAN2BS05.

Magnús Einþór Áskelsson

- Vettvangsheimsóknir með útskrifanemendum á starfsbraut. Blue bílaleiga, Hótel Keflavík, Brunavarnir Suðurnesja, Naglaskóli Öllu, Isavia, Leikskólinn Garðarsel, Bókasafn Reykjanesbæjar, hársnyrtiiðnbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Óskar Júlíus Bjarnason

- Heimsókn með pípulagnanema í HS Veitur.
- Vettvangsferð á verkstað á Hafnargötu hjá Reykjanes Invest, kynning á modular baðherbergi.

Rósa Guðmundsdóttir og Anna Karlsdóttir Taylor

- Fóru til Svíþjóðar með 10 nemendur 2.-6. mars 2026 í skólaheimsókn vegna Nordplusverkefnisins Technological Solutions for the future.

Sigríður Rós Jónatansdóttir

- Tveir nemendur fóru til DK með Erasmus í mars.
- Nýr hópur sjúkraliðanema fór í heimsókn og kynningu á Hrafnistu í Reykjanesbæ.

Stella Björk Fjeldsted

- Nemendur tóku þátt í Vörumessunni í Smáralindinni 17. -18. apríl þar sem þeir sýndu og seldu vörurnar sem þau þróuðu.
- Haraldur Bergvinsson hjá KLAK Icelandic Startups og Fida Abu Libdeh, framkvæmdastýra og stofnandi GeoSilica heimsóttu nemendur í frumkvöðlafræði.

Veska Andrea Jónsdóttir:

- Fór í fimm daga ferðalag með nemendum til Berlínar.

6.2 Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað

6.2.1 Einyrkjar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Ásdís Björk Pálmadóttir, fagstjóri	HÁRG2GC03 HKLI2GC03 HLIT2GC01 HPEM2GC02 IÐNF2C04	HÁRG2FB03 HBLÁ2FB01 HDAM2GB03 HHER2FB03 HLIT2FB03 HPEM2FB02 VINS2FB06
Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir	HEFR1HV02 MATR1AM03 MATR1AM05 x 4	HEFR1HV02 MATR1AM03 MATR1AM05 x5
Elísabet Inga Kristófersdóttir	FATA1SH05 FATA2FF05 FATA2SH05 HAND2HS05 TEXT2EV05 TXHÁ1FH05 - grunnskólaval	FATA1SH05 FATA2FF05 FATA2SH05 HAND2FY05 TEXT1UE03 TXHÁ1FH05 - grunnskólaval
Sigríður Rós Jónatansdóttir	HJÚK3LO03 HJÚK3ÖH05 LÍBE1HB01 LYFJ2LS05 NÆRI2NN05 SÝKL2SS05 VINN3GH08 VINN3ÖH08	HBFR1SA03(AS) HJÚK1AG05 HJÚK3GF05 HJÚK3LO03 HJVG1VG05 SASK2SS05 VINN3GH08 VINN3ÖH08
Sigrún Lína Hakakian	TXHÁ1FH05 - grunnskólaval	TXHÁ1FH05 - grunnskólaval

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Flest gekk vel, það var góð mæting og lítið brottfall.
- Nemendur flestir mjög virkir.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Óheppilegt að starfshlaupið skildi falla niður, það er spurning að hafa varadag ef eitthvað kemur uppá.
- Þar sem mæting getur ekki lengur lækkað einkunn er hægt að hafa virkni sem part af einkunn.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Í flestum áföngum eru einhverjar nýjungar og kennsluefni, nýjar kennsluaðferðir.
- Meira sjálfstæði og þar með fjölbreyttari útkoma þar sem við á.
- Mismunandi nálgun á sama verkefni.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Ný kennslugögn í myndlist, ný tæki í hárinu, nýjar saumavélar, bækur í textíl og matreiðslu.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Þar sem mæting getur ekki lengur lækkað einkunn er hægt að hafa virkni sem part af einkunn, þarf að skoðast betur.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Námsmat er alltaf í endurskoðun. Eftir veturinn gekk sumt vel en annað ekki og verður tekið mið af því, metið og lagfært.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Í hárinu er ný námskrá og námið styttist um eina önn. Það fer eftir stokkatöflu hvort tímarnir verði tvöfaldir.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Frekar góð í flestum fögum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með því að hafa skýra stefnu og byrja strax á verkefnunum.
- Þau viti til hvers er ætlast og fái skýr fyrirmæli.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Það vantar meiri þrautseigju/seiglu og einbeitningu í nemendur. Allt gerist svo hratt á gervihnattaöld.
- Símanotkun nemenda er of mikil og þau eru jafnvel að horfa á þætti í kennslustund.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Mjög vel að okkar mati. Mismunandi á milli faggreina**.**

Annað sem vert er að taka fram?

- Það væri gott ef það væru skýrari reglur og refsing fyrir símanotkun. Kennarinn er jákvæður, með markviss og hnitmiðuð verkefni. Gott utanumhald og hvatning.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásdís Björk Pálmadóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Fagkennaranámskeið - Model 5 og alþjóðleg réttindi í Pivot Point með Leif Andres Överland - 16 klst.
- Skólaþróunarhópur, heimsókn til tveggja fyrirtækja.
- Erasmus+ námsferð til Barcelona með nemendur í maí 2026.

Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir Woods

- UNESCO námskeið - 5 klst.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Vinnuverndarnámskeið öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir - 5 klst.

Sigríður Rós Jónatansdóttir

- Ráðstefna um sárameðferð – SUMS.
- Heilsugæslu- og heimahjúkrunar öldrunarráðgjöf - HÖR námskeið.
- Mastersnám í hjúkrun einstaklinga með sykursýki - Háskólinn á Akureyri.
    - Haustönn 2025 - 34 einingar.
    - Vorönn 2026 - 35 einingar.



Starfsfólk mætti í bleiku á Bleika deginum.

6.2.2 Erlend tungumál

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Anna Kristjana Egilsdóttir	ENSK2GA05 ENSK2OS05 x2 ENSK3AO05 LOKA3LV05 UMSJ1NÝ01	ENSK2GA05 ENSK2OS05 ENSK3AO05 UMSJ1NS01
Einar Trausti Óskarsson	SPÆN1SO05 x2 SPÆN1TJ05 x2	SPÆN1SO05 x2 SPÆN1TJ05 x2
Helga Salbjörg Guðmundsdóttir	DANS2LB05 x2 DANS2LU05 x3	
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SPÆN1GA(B)05 SPÆN1GA(C)05	SPÆN1SS05 x2
John Richard Middleton	ENSK2KO05	ENSK2KO05 ENSK3A005
Kristjana Hrönn Árnadóttir	ENSK2GA05 ENSK3AO05 ENSK3FO05 ENSK2KO05 - grunnskólaval	ENSK2GA05 ENSK3FS05 ENSK2KO05 - grunnskólaval
Michael Anthony Weaver		ENSK3TG05
Ólöf Hildur Egilsdóttir, fagstjóri	ENSK2KO05 ENSK2GA05 ENSK3AO05 ENSK3FS05	ENSK2GA05 x2 ENSK3AO05 ENSK3YN05
Sergio Garcia Ortega	SPÆN1SS05 x2 ENSK2GA05 ENSK2KO05 ENSK1OS05	ENSK2GA05 x2 ENSK2KO05 ENSK2OS05
Sveinn Ólafur Magnússon	DANS2LB05 x DANS2LU05 DANS1ML05 x2 UMSJ1NS01	DANS2LB05 x DANS2LU05 DANS1ML05 x2 UMSJ1NS01
Veska Jónsdóttir, fagstjóri	ENSK1OS05 ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05 UMSJ1NÝ01	ENSK1ET05 ENSK1OS05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05 UMSJ1NÝ01

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Samvinna á milli kennara með kennsluefni áfanganna.
- Kennslan gekk ágætlega, nemendur sem sinntu náminu stóðu sig almennt vel. Mæting almennt ágæt.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Að fá nemendur til að hætta að nota gervigreind til að gera ritanir.
- Samsetning á getustigi nemenda innan hópsins er mikil. Erfiðara er að fá nemendur til að vinna heima verkefni sem ekki gilda til einkunna og/eða eru með tímamörk.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Við settum inn ritunarpróf sem er skriflegt í tíma.
- Miklar breytingar í ENSK3FS
- Lásum fleiri skáldsögur og minnkuðum smásöguvinnu.
- Nemendur bjuggu til teiknimyndasögur í dönsku og eins gerðu nemendur plakat sem hópavinnu. Áframhaldandi vinna í spænsku.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

- Höldum áfram að þróa og búa til eigið kennsluefni. Erum að reyna að nútímavæða efnið svo það sé áhugavert fyrir nemendur. Okkur finnst þetta takast vel.
- Mikilvægt að prófa nýjungar áður en þær eru teknar upp alveg, ný verkefni í spænsku sem og dönsku og ÍSAN.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Æfingaritanirnar sem eru gerðar í tíma í tölvu eru áskoranir því nemendur eru gjarnir á að nota gervigreind.
- Nemendur eru ekki að skila inn verkefnum sem gilda til námsmats og fá þar af leiðandi lélega annareinkunn.
- Margir nemendur mæta illa og árangurinn fylgir.
- Gervigreindin.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Virkaði vel að hafa skriflegt ritunarpróf.
- Við erum með lokapróf í öllum skylduáföngum og okkur finnst þetta ganga vel. Ætlum ekki að breyta því.
- Val áfangar eru símatsáfangar
- Að nemendur vinni fleiri verkefni þar sem þau vinna verkefni sem eru handskrifuð og geti ekki notað gegn gervigreind.
- Höfum rætt um að taka lokapróf upp aftur, þar sem nemendur sýna fram á lágmarksþekkingu í faginu. Einnig er hugmynd um að vera með sleppikerfi með ákveðinni gulrót.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Verkefni thinking, learning, voice sem er verkefni til að bæta ritun og að nemendur noti þá ekki gervigreind.
- Breytingar fyrirhugaðar að við ætlum að bæta inn fleiri skáldsögum.
- ENSK3AO algjörlega endurunninn. Þematengt efni til að nýta orðaforða og vekja áhuga.
- ENSK2OS breytt líka. Fá nemendur til að vinna meira í hópum með ræðum tengt námsefninu.
- Ekkert sem er fast í hendi.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Eins og gengur og gerist, margir mættu vel, en líka margir á mörkunum að vera teknir úr áföngum vegna mætinga.
- Áberandi að við sjáum betri námsárangur hjá nemendum sem mæta vel.
- Almennt ágæt, þó misjafnt eftir hópum



Frá áfangakynningu í október.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Að hafa áhugavert námsefni.
- Mikið af gagnvirku tölvuefni hentar vel.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Mismunandi nemendahópar sem raðast í áfangana sem skapar mismunandi andrúmsloft inn í stofunni.
- Í ENSK3FS, mismunandi geta, og margir duttu út úr öðrum hópnum.
- Að virkja nemendur

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Mjög ánægð með skólaþróunina. Erum að nýta okkur þetta vel.
- Fínt.

Annað sem vert er að taka fram?

- Mjög góð samvinna í enskudeildinni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Kristjana Egilsdóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Skólaþróunarhópur, uppfæra og semja námsefni.
- IATEFL ráðstefna enskukennara, Brighton.

Ingibjörg Böðvarsdóttir

- The Erasmus+ Programme.
- Skólaþróunarhópur.

Kristjana Hrönn Árnadóttir:

- Erasmus+ Al and Digital Tools in Education course - 20 klst.
- AI for CLIL: Lesson Plans, Resources and Assessment Tools í Flórens - 30 klst.
- Generative AI in Education - 6 klst.
- Project-Based Learning for Language Teachers - 5 klst.
- Develop Your First Self-Paced Online Course - 2 klst.
- The Best Web Apps for Educational Quizzes - 5 klst.
- The Erasmus+ Programme Made Easy - 6 klst.

Ólöf Hildur Egilsdóttir

- AI for CLIL: Lesson Plans, Resources and Assessment Tools í Flórens - 30 klst.
- Námskeið í FS. Leiðsögn og samstarf, aðferðir til framfara - 7 klst.
- Job shadowing samstarfsverkefni í FS með kennurum frá Þýskalandi. - 5 klst.

Sveinn Ólafur Magnússon

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Skólaþróunarhópur, námsefnisgerð.

Veska Andrea Jónsdóttir

- Alþjóðleg ráðstefna þýskukennara í Lübeck, Þýskalandi.
- Hvernig lærist málfræðin í íslensku sem öðru máli, Sigríður Þorvaldsdóttir.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.

6.2.3 Húsasmíði

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Bjarki Ásgeirsson	HÚSA3HU09 x2 HÚSA3ÞÚ09 x2 TEIK2HH05 TEIK2HS05 x2 TEIK3HU05	HÚSV3HU05 LOKA3HU08 x2 TEIK2HH05 TEIK3HU05 TRST3HH05
Gunnar Baldvin Valdimarsson, fagstjóri	HÚSA3HU09 HÚSA3ÞÚ09 HÚSAKY05 TEIK2HH05 TEIK2HS05 EIK3HU05 HÚSA1KY05 - grunnskólaval	GLÚT2HH08 LOKA3HU08 HÚSA1KY05 HÚSA1KY05 - grunnskólaval
Hannes Jón Jónsson		FRVV1FB05 HÚSA1KY05 INNK2HH05 x2 TRÉS1VT08
Óskar Júlíus Bjarnason	BYGG2ST05 HÚSA1KY05 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05 FRVV1FB05 VGRT1GN04AB	ÁÆST3SA05 HREI2PL03AB INNK2HH05 SÉLA2PL03AB SOGT2PL03AB TEIK1PL04AB, TEIK2HS05 TEIK3HU05
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	GRTE1FF05 x3	GRTE1FF05 GRTE1FÚ05 x2
Þórhildur Loftsdóttir	EFRÆ1EF05 x2 HÚSA1KY05 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05 HÚSA1KY05 - grunnskólaval	HÚSA1KY05 INRE2HH08 x3 TRÉS1VT08 HÚSA1KY05 - grunnskólaval

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Samstarf kennara.
- Mætingar nemenda.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Virkni nemenda hefði mátt vera meiri og símanotkun minni.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Grunnteikning. Útflatningar skornir út til að hafa til skýringa.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Áætlað er að ný bók komi út í ágúst sem á að vera betri en sú gamla. Þar er góð útskýring á útflatningum í grunnteikningu.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Samræming í sama áfanga milli kennara.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Grunnteikning, lokaskil á köflum oftar á önninni.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Nei, nema símamál sem þarf að taka á.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mæting var þokkaleg.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Hvetja þau áfram.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Áskorun fyrir nýja kennara að koma sér inn í hlutina.
- Mikil símanotkun nemenda.
- Stríðni / einelti / hegðunarvandamál.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Gekk ágætlega.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

- Skólaþróunarhópur, aðferðir í kennslu.
- Skólaþróunarhópur, námsefnisgerð.
- Sumarnámskeið á vegum Erasmus - Arts for the Inclusion of Migrants, Refugees, and Disadvantaged Populations, Flórens.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Horfa á, hugsa og skrifa um myndlist, masterclass með Jóni Proppé - 3 klst.

6.2.4 Íslenska

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Anna Kristjana Egilsdóttir	VITA2VT05	VITA2VT05
Anna Karlsdóttir Taylor	ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05 ÚTI1RK02	ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 ÍSLE3GA05 (A) ÍSLE3GA05 (B) LOKA3LV05 ÚTI1RK02
Anna Rún Jóhannsdóttir	LOKA3LV05	
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 x2 ÍSLE2MÆ05 LOKA3LV05 UMSJ1NS01	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 x2 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3NB05 UMSJ1NS01
Bryndís Garðarsdóttir	ÍSLE1MR05 ÍSLE2BR05 x2 ÍSLE2LR05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05 ÚTIV1RK02	ÍSLE2MÆ05 x2 ÍSLE3BF05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05 ÚTIV1RK02
Guðbjörg Jónatansdóttir	VITA2VT05 x2	VITA2VT05 x2
Hulda Egilsdóttir, fagstjóri	ÍSLE2BR05 x2 ÍSLE3BF05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05	ÍSLE2BR05 x2 ÍSLE3NB05 x2
Kristín Þóra Möller	ÍSLE1FA05 ÍSLE1ML05,	ÍSLE1FB05 ÍSLE2LR05,
Kristjana Hrönn Árnadóttir	LOKA3LV05	LOKA3LV05
Lilja Dögg Friðriksdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE2LR05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05 VITA2VT05 x2	ÍSLE1FB05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 x2 LOKA3LVÆ05
Rósa Guðmundsdóttir	VITA2VT05	LOKA3LV05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Samstarf kennara, samskipti við nemendur og endurbætur á áföngum til að halda verkefnaálagi nemenda og yfirferð kennara innan skynsemismarka. Mörgum kennurum fannst gott vera lausir í sama stokki til að geta haft samráð sem annars hefði þurft að eiga sér stað eftir að vinnudegi lýkur.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Erfitt að kenna og halda nemendum virkum í síðasta stokki dagsins. Áskorun að vera í samkeppni við snjalltækin í skólastofunni og þörf á því að setja mun harðari reglur og fylgja þeim eftir.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- ÍSLE2MÆ05 - nemendur kenndu hverjum öðrum Völuspá sem gekk mjög vel og nemendur mun virkari en í fyrirlestraformi. Kennarar í fyrsta skipti að nýta sameiginlegt svæði nemenda á Innu. Nemendur áttu erfitt með að deila verkefni sínu á sameiginlega svæðinu - fannst þeir berskjaldaðir. Þeir venjast því mögulega en tillit tekið til einstaka nemanda.
- Vettvangsferð ÍSAN2MÆ05 og ÍSAN2BS05 í Eddu, Veröld og Þjóðminjasafnið og könnun meðal nemenda leiddi í ljós mikla ánægju með fræðsluna. Markmið að festa ferðina í sessi og hafa hana fyrr á önninni.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Það er alltaf einhver endurskoðun í gangi.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Gervigreind - sálarmorð að lesa og meta verkefni sem skrifuð eru af vélmenni. Aukin notkun á pappír, handskrifuð og skapandi verkefni. Fjölbreytni í verkefnum og auka val nemenda á útfærslu verkefna.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Meira val nemenda á úrvinnslu þar sem allir nemendur hafa tækifæri til að nýta styrkleika sína, m.a. til að auka áhuga, skuldbindingu, eignarhald og virkni nemenda.
- Nauðsynlegt að hafa próf þar sem nemendur þurfa að standa skil á efninu, auka jafnvel nýtingu munnlegra prófa.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Vinna með vistlegra vinnuumhverfi, plöntur, líflegri veggi, hillur með bækur og blómapottum.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Byrjaði ágætlega í flestum áföngum en hríðversnaði eftir því sem leið á önnina. Aukning á lengri ferðum til útlanda og algengt að nemendur með erlendan bakgrunn komi seint inn á önninni. Hvort tveggja hefur miklar afleiðingar fyrir námsárangur á önninni. Þörf á að minna nemendur og foreldra á skóladagatalið og mætingarreglur skólans reglulega á önninni.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með fjölbreyttum verkefnum og auknu vali nemenda á útfærslu verkefna.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Snjalltæki, stokkataflan - lengri kennsludagur og takmarkað hægt að nýta tímafrekari kennsluaðferðir t.d. ratleiki eða vettvangsferðir og dautt vinnuumhverfi.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Við í íslenskudeildinni erum þegar mjög duglegar að sækja endurmenntun og námskeið sem skilar sér í kennsluna. Skólaþróun innan skólans hefur ekki alltaf nýst nægilega vel og á köflum marklaus vegna þess að of langur tími leið á milli funda. Værum frekar til í að þjappa þessum tímum meira saman, helst í upphafi annar, þannig að vinnan nýtist betur inn í skólaárið. Mikilvægt að treysta kennurum sem fagfólki.

Annað sem vert er að taka fram?

- Það væri gott að jafna fjölda hópa í efri áföngum milli anna, t.d. að það sé ekki einn hópur á haustönn og svo sex hópar á vorönn í sama áfanga.



Íslenskukennarar af Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi á Þrískólafundi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásta Svanhvít Sindradóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Íslenskar metsölubækur í 50 ár - Endurmenntun HÍ 10 klst.
- Grettis saga Ásmundarsonar - Endurmenntun HÍ 16 klst.
- Salka - ástin og dauðinn - Endurmenntun HÍ 6,5 klst.

Bryndís Garðarsdóttir

- Námskeið á vegum móðurmálskennara - 10 klst.
- Völsungasaga - Endurmenntun HÍ 16 klst.
- Undraveröld Þingvalla - 6 klst.
- Grettis saga Ásmundarsonar - Endurmenntun HÍ 16 klst.
- Tími skáldanna - netnámskeið 16 klst.

Hulda Egilsdóttir

- Gervigreind í kennslu, tækifæri og áskoranir - 3f, félag um upplýsingatækni og menntun 24 klst.
- Málnotkun innan og utan kennslustofunnar - Félag íslenskukennara 16 klst.
- Námskeið - Endurmenntun HÍ 10 klst.
- Er þátttakandi í tilraunaverkefni MMS um Gervigreind í kennslu - Verkefni um notkun Claude í framhaldsskólakennslu. Þessu þróunarverkefni lýkur í lok vorannar 2026.

Lilja Dögg Friðriksdóttir

- Málnotkun innan og utan kennslustofunnar - Félag íslenskukennara 16 klst.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Íslenskar metsölubækur í 50 ár - Endurmenntun HÍ 10 klst.
- Grettis saga Ásmundarsonar - Endurmenntun HÍ 16 klst.
- Skólaþróun í íslensku - 16 klst.

6.2.5 Íslenska fyrir erlenda nemendur

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Anna Kristjana Egilsdóttir		ÍSANÍF05
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSAN3BÓ05	
Einar Trausti Óskarsson	ÍSAN10F05	
Ingibjörg Böðvarsdóttir	ÍSAN1BE05 ÍSAN1NS05 ÍSAN1TM05	ÍSAN1DM05
Kristín Þóra Möller	ÍSAN2AB05 x2 ÍSAN3NB05	ÍSAN2BS05 ÍSAN3NB05
Rakel Ósk Eiríksdóttir	ÍSAN2GM05	ÍSAN2GM05 x2 ÍSAN2KV05 x2

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Samskipti við nemendur gengu mjög vel og samstarf kennara. Góðar upplýsingar um nemendur að vori frá grunnskólunum skilaði sér og nemendur voru að koma með almennt betri grunn inn í ÍSAN og minni þörf á virku samstarfi við MSS, bæjarfélögin og Vinnumálastofnun vegna nemenda en á síðustu önnum. Nemendum var að mestu raðað á rétta staði miðað við námsmat í grunnskólum og nýjar áherslur í grunnáföngum eru að skila nemendum í efri áfanga með betri grunn.
- Nemendum virðist líða vel miðað við nýnemaviðtöl og samtöl við nemendur sem eru lengra komnir og mátti merkja aðeins meiri þátttöku nemenda í félagslífi skólans. Farið var með nemendur í ÍSAN2BS05 í vettvangsferð með íslenskudeildinni í Eddu, Veröld og Þjóðminjasafnið og nemendur almennt mjög ánægðir með þá upplifun sem vonandi festist í sessi.
- Fundur var haldinn í lok annar með ÍSAT kennurum í grunnskóla til að ræða námsmat, námsefni og móttöku nýrra nemenda í FS. Markmiðið er að tryggja samfellu milli skólastiga og láta vita hvaða upplýsingar okkur þætti gagnlegar á umsóknir nemenda til að tryggja það að þeim verði raðað í rétta áfanga. Það voru ekki fulltrúar frá öllum skólum en allir voru sammála um að fundurinn var gagnlegur og mætti vera haldinn reglulega.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Það mættu ennþá vera skýrari skil á milli NFE-brautar og annarra brauta. Fleiri nemendur óska eftir því að útskrifast af NFE eða framhaldsskólabraut til að geta farið að vinna. Spurning um að auka samstarf við námsráðgjafa til að grípa betur þá nemendur sem eru búnir að vera lengi á NFE braut og þurfa annað hvort að velja braut eða útskrifast af framhaldsskólabraut.
- Verkefnastjóri setti ekki inn fasta stuðningstíma í töflu þetta skólaárið eins og undanfarin tvö ár, m.a. vegna nýrrar stokkatöflu en hefði mátt auglýsa viðtalstíma sína betur fyrir erlenda nemendur utan umsjónar. Samstarf og upplýsingaflæði til foreldra er alltaf áskorun en það mættu svipað margir foreldrar af NFE braut á foreldrafund í haust sem ætlaður var foreldrum nýnema.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- ÍSAN kennarar héldu áfram að þróa námsefni og samfellu í ÍSAN-áföngum. Erfiðlega gengur að þróa notkun spilanna og kennsluaðferðanna frá Dósaverksmiðjunni vegna þess að breidd og stærð hópa býður illa upp á það. Þess í stað hefur Ingibjörg Böðvarsdóttir eytt ómældum tíma og orku í að færa grunnefni í ÍSAN inn í Moodle til að geta mætt þörfum nemenda á byrjunarstigi í áföngum á annarri önn þar sem ekki hefur verið hægt að bjóða upp á áfanga á fyrstu önn vegna hópastærða og húsnæðisvanda.
- Síðasta áfanganum í ÍSAN, sem er ÍSAN3NB05, breytt úr símati í lokaprófsáfanga á síðustu önn og kröfur auknar enn frekar á vorönn 2026 þar sem áfanginn er til stúdentsprófs.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Búið er að skapa ákveðna samfellu með því að ákveða námsefni og áherslur í ÍSAN áföngum. Það verða alltaf einhverjar breytingar milli anna og námsefni og verkefni eru ennþá að miklu leyti unnið og búið til af kennurum. Stefnt að því að skipta gömlu efni, eins og Íslenska fyrir alla, hægt og rólega út fyrir nýrra og betra efni og koma efni yfir á rafrænt form eins og tími kennara leyfir, eins og t.d. Einmitt bókunum sem Miðstöð menntunar gefur út og virðist lofa góðu.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Kennarar hafa ákveðið að setja í forgang að koma meira efni inn á rafrænt form á Moodle til að auka aðgengi nemenda að efni við hæfi. Þannig er einnig hægt að auka sjálfstæði og leikni nemenda í þeim námsþáttum sem unnið er með. Þetta er fyrst og fremst gert til að mæta betur þörfum nemenda og kröfu um einstaklingsmiðun. Markmiðið er farið á sínum hraða í gegnum efni grunnáfanga og fengið áfangann metinn. Það er sérstaklega mikilvægt þar sem kom í ljós að fyrrverandi nemandi þurfti að hafa lokið 30 einingum í íslensku á framhaldsskólastigi til að fá íslenskan ríkisborgararétt en hafði einungis lokið 25 einingum. Því er ekki endilega verið að gera nemendum greiða með því að hoppa yfir áfanga þegar getan er til staðar.
- Ekki náðist að ráðast í þær breytingar sem nefndar voru fyrir ári sem eru ennþá góðar og gildar en hafa fyrst og fremst ekki komið til vegna tímaskorts, t.d. vettvangur fyrir jákvæð samskipti erlendra nemenda og íslenskra nemenda, foreldrafundur fyrir foreldra erlendra nemenda og stöðumat fyrir nýja nemendur. Unnið verður áfram með þessar hugmyndir.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Einhverjir nemendur komu seint inn á önninni vegna veru erlendis eða vegna þess að þeir fengu synjun á skólavist í Reykjavík og það er mikil áskorun fyrir þessa nemendur að missa af fyrstu dögum og vikum annarinnar. Mæting nemenda var þó almennt góð framan af en þá mátti sjá breytingu til hins verra hjá mörgum nemendum á seinni hluta beggja anna. Eitthvað var um lengri ferðir nemenda erlendis sem höfðu veruleg áhrif á námsárangur. Eins fluttu nokkrir nemendur á miðri önn til annarra landshluta.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Það hefur reynst hvað best að virkja nemendur þegar verkefni eru við hæfi og þegar málfræði og orðaforði hefur verið kenndur í gengum spennandi texta, spil og samtalsæfingar. Fjölbreytni í verkefnum og verkefni á Moodle hafa reynst mjög vel til að gera nemendur sjálfstæðari í námi þó svo að einhverjir eigi alltaf erfitt með að tileinka sér nýja tækni.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Það eru ennþá sömu áskoranirnar og síðustu ár. Ein helsta áskorunin er hópastærð og mikil breidd í getu þar sem ekki eru nægilega margir nemendur og/eða kennarar til að keyra alla áfanga eða allar annir á NFE brautinni. Það leiðir til þess að hóparnir geta orðið mjög stórir þegar þeir eru kenndir og er það mikil áskorun að koma til móts við stóran, fjölbreyttan nemendahóp. Lítil von er að það lagist fyrr en húsnæði skólans býður upp á annað.
- Önnur áskorun er að finna jafnvægi í námsmati þannig að nemendur eigi erfiðara með að skauta í gegnum áfanga með því að nota gervigreind og þýðingarvélar. Of mikið hefur verið um það að nemendur nái áfanga eftir áfanga með lágmarkseinkunn þrátt fyrir að hafa ekki öðlast nægilega færni til að ráða við næsta áfanga á eftir og áfanga í öðrum námsgreinum. Krafa um að ná lokaprófi í ÍSAN3NB05 reyndist vel til að koma í veg fyrir að nemendur náðu að klára síðasta íslenskuáfangann án þess að hafa náð viðmiðum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristín Þóra Möller

- Sumarnámskeið á vegum Erasmus - Arts for the Inclusion of Migrants, Refugees, and Disadvantaged Populations.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Skólaþróunarhópur, kennsluaðferðir
- Skólaheimsókn í Háaleitisskóla.
- Netkennsla í tungumálum. Netnámskeið á vegum Ísbrúar - 2 klst.

Rakel Ósk Eiríksdóttir

- Gervigreind í kennslu, tækifæri og áskoranir á vegum 3f og SEF - 6 klst.

6.2.6 Íþróttir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Andrés Eyjólfsson	ÍÞRÓ3LH05 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞRÓ1HR01 ÍÞRÓ1HB01 ÍÞRÓ1GA01	ÍÞRF2SS05 ÍÞRG2BA04 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞRÓ1GA01 ÍÞRÓ1HB01 ÍÞRÓ1HR01 LÝÐH1HF05
Elín Rós Bjarnadóttir		ÍÞRÓ1JH01 x2
Elvar Smári Sævarsson	ÍÞLE3ÞÍ05 VOHR2VF05 VOHR3VF10	MÆLG3MÆ05 ÆFÞJ3SÞ05 ÆFÞJ3ÆF05
Gunnar Magnús Jónsson, fagstjóri	AFRE1AA05 AFRE2AA05 HESM1GA02(B) ÍÞRF2ÞJ05 ÍÞRG2KN04 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞRÓ1FÓ02 ÍÞRÓ1HR01 KARF1AA05 KARF2AA05 KNAT1AA05 KNAT2AA05 LÍFS1GA01(B)	AFRE1AA05 AFRE2AA05 HESM1GA01(C) ÍÞRF3SÁ05 ÍÞRG2HA04 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞRÓ1FÓ02 ÍÞRÓ1HR01 KARF2AA05 KNAT1AA05 KNAT2AA05
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	ÍÞRF3NÆ05 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞRÓ1GA01 ÍÞRÓ1HB01 ÍÞRÓ1HR01	ÍÞRF3NÆ05 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞRÓ1HB01

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Við erum orðin meðvitaðri um að nemendur eru klárari en við í sambandi við að falsa gögn varðandi göngu. Það gekk vel að rýna í gögnin og ná að taka á þeim vanda og við hrósum okkur fyrir það.
- Annars góður andi í flestum hópum og gengur almennt vel.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Það mætti koma því á hreint hvert aðgengi okkar er að tækjasal en vegna breyttra aðstæðna þá er það ekki á hreinu. Okkur var sagt að af yfirmönnum íþróttafélagsins að FS væri ekki búinn að ganga frá samningi um aðgengi.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Nei, engar nýjungar.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Nei, engin ný kennslugögn.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Að standa við fyrir fram sett markmið varðandi mætingu og einkunnar.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Vinnum eftir mætingarreglum skólans þ.e. % og það er gott viðmið. Það eru ekki breytingar fyrirhugaðar.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Nei.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Nokkuð „eðlileg“. Þeir nemendur sem falla eru yfirleitt búnir að sýna fram á að þeir ætli sér ekki að klára áfangann þegar miðannarmat er gefið.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Koma til móts við þarfir þeirra og finna verkefni við hæfi.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Að fá að vita hvort við séum með tækjasal eða ekki. Vantar betri umgengni í áhaldageymslu en margir koma að henni. Það mætti útbúa læsta skápa og hreinsa vel til þar.

Annað sem vert er að taka fram?

- Jólagjöfin var mjög góð og samstarf gott.
- Það verður spennandi að byrja af krafti í haust.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristjana Hildur Gunnarsdóttir

- Skólaþróunarhópur, námsefnisgerð.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- New mindstart, liðleikaþjálfun - 4 klst.

6.2.7 Listir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Gunnhildur Þórðardóttir	LISF2LM05 LJÓS2UF05 MYNL2AT05 MYNL2TA05 TEIK1TE05 x2	MYNL3TB05 MYNL3ÞR05 TEIK1TE05 TEIK2MÁ05
Íris Jónsdóttir, fagstjóri	IÐTE2GB05 MYNL3LM05 MYNL3MÁ05 SJÓN1LF05 SJÓN1TF05	MYNL2FF05 MYNL2MA05 MYNL3LO10
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	LISA1HN05 LISA3NÚ05	LISA3ÍS05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Flest gekk vel, það var góð mæting og lítið brottfall.
- Nemendur flestir mjög virkir.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Óheppilegt að starfshlaupið skyldi falla niður, það er spurning að hafa varadag ef eitthvað kemur upp á.
- Þar sem mæting getur ekki lengur lækkað einkunn er hægt að hafa virkni sem part af einkunn.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Í flestum áföngum er einhverjar nýjungar og kennsluefni, nýjar kennsluaðferðir.
- Meira sjálfstæði og þar með fjölbreyttari útkoma þar sem við á.
- Mismunandi nálgun á sama verkefni.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Ný kennslugögn í myndlist, ný tæki í hárinu, nýjar saumavélar, bækur í textíl og matreiðslu.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Þar sem mæting getur ekki lengur lækkað einkunn er hægt að hafa virkni sem part af einkunn, þarf að skoðast betur.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Námsmat er alltaf í endurskoðun. Eftir veturinn gekk sumt vel en annað ekki og verður tekið mið af því, metið og lagfært.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Í hárinu er ný námskrá og námið styttist um eina önn. Það fer eftir stokkatöflu hvort tímarnir verði tvöfaldir.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Frekar góð í flestum fögum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með því að hafa skýra stefnu og byrja strax á verkefnunum.
- Þau viti til hvers er ætlast og fái skýr fyrirmæli.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Það vantar meiri þrautseigju/seiglu og einbeitningu í nemendur. Allt gerist svo hratt á gervihnattaöld.
- Símanotkun nemenda er og mikil þau eru jafnvel að horfa á þætti í kennslustund.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Mjög vel að okkar mati. Mismunandi á milli faggreina

Annað sem vert er að taka fram?

- Það væri gott ef það væru skýrari reglur og refsing fyrir símanotkun. Kennarinn er jákvæður, með markviss og hnitmiðuð verkefni. Gott utanumhald og hvatning.



Nemendur í ljósmyndaáfanga sýndu verk sín í sýningarrými á 2. hæð.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bragi Einarsson

- Skólaþróunarhópur, myndrænt efni og hönnun.

Gunnhildur Þórðardóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Vinnuvendarnámskeið öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir - 5 klst.
- Kynning Listaháskóli Íslands - 4 klst.
- Feneyjartvíæringurinn 16. apríl kynning - 4 klst.
- Tvíæringurinn 2. - 6. júní.
- Grafíknámskeið gelþrykk - 8 klst.

6.2.8 Málm- og vélstjórnargreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Ívar Valbergsson, fagstjóri	SMÍÐ1VA04 SMÍÐ2VB04 VÉLFVA04 VÉLS1VA05(AV)	VÉLS2VA05(BV) VÉLV3VA04(AV) x2
Haukur Hilmarsson		MALM1MA05 RENN2VB03 SMÍÐ2VB06
Þorsteinn I. Hjálmarsson, fagstjóri	HÖSK2VA04(AV) MLSU1VA03(AV) MLSU1VA03(BV) MALM1MA05 SMÍÐ1VA06(AV) SUÐA1SS05	KÆLI2VA05 MALM1MA05 MLSU1PL03 MLSU2VB04 SUÐA1SS05 UMHV2SA04

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Gekk vel að koma nýjum kennara inn í starfið.
- Búið var til nýtt námsefni í vélvirkjun sem tókst mjög vel.
- Byrjað er að innleiða tölvurennibekk sem lofar góðu.
- Það gekk bara ansi vel allt nema mæting sumra nemenda er ábótavant spurning að skólinn taki á því.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Aðstaðan er farin að þrengja verulega að kennslunni og rýmið lítið.
- Neita þurfti búnaði sem gefa átti vegna plássleysis.
- Nemendur sem eru mjög slakir í mætingu ná ekki fara yfir námsefnið og ná ekki alls ekki vinna það upp. Það er nauðsynlegt að fara eftir mætingarreglum skólans þar sem lágmarksmæting er 80%, svo eiga stjórnendur bara vísa nemendum úr áföngum ef fjarvistir eru að ná þeim hæðum 12-14 fjarvistir að ómögulegt er fyrir nemendur vinna það upp sem þeir hafa misst af.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Þegar kennsluefni var búið til fyrir vélvirkjun voru kennsla og fræðsla sett í sama skjalið sem áður hafið verið í tvennu lagi.
- Nemendur voru færðir vegna mass og það heppnaðist vel.
- Örverkefni til að læra á hitamyndavél og fleira sem gagnast í framtíðinni.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Kennsluefni í vélvirkjun sem sótt var á netinu.
- Rafbók í vélvirkjun.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Að fá nemendur til að sleppa því að vera með síma. Hart var gengið eftir því að nemendur skildu síma eftir við hurð og gerði kennari það líka til eftirbreytni.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Námsmat er að virka vel og því eru ekki fyrirhugaðar breytingar.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Nei, engar breytingar fyrirhugaðar.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mæting var mjög góð. Lágmarkseinkunn var sett og kröfur gerðar um mætingu.
- Fín mæting hjá flestum, sumir tæpir en það hefði verið betra vísa nemendum úr áföngum fyrr sem voru komnir með allt of margar fjarvistir.
- Ábyrgð var sett á nemendur varðandi mætingu.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Nemendur voru meðvitaðir um að kennari væri að búa til nýtt námsefni og voru með það.
- Það hvatti þá áfram í náminu.
- Innlögn um námsefnið í byrjun tíma og halda gagnvirku streymi, þ.e. aðstoð og samtali, milli nemenda og kennara alla kennslustundina.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Nei, engar áskoranir eða hindranir.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Skólaþróun hefur gengið vel.
- Gaman að sjá á hvaða leið við erum í skólaþróun.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Þorsteinn I. Hjálmarsson

- Starfsspeglun til Zagreb í Króatíu ásamt tveimur samkennurum í verknámi. Skoðaðir voru tveir skólar í borginni. Ferðin stóð yfir í viku.

6.2.9 Rafvirkjun

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Björgvin Jónsson	RAFG1KY05 RAFL1GA03 RAFL2GC03 x2 RAFL3RE04 RAST2RB05 STÝR1GA05 RAFG1KY05 - grunnskólaval	IÐTE2VB04(BV) RAFG1KY05 x2 RAFL1GB03 RAFL3GD03 RAFL3RE04 STÝR2GB05 VSME2GR05 RAFG1KY05 - grunnskólaval
Garðar Þór Garðarsson, fagstjóri	FRLA3RA05 RAFM1GA05 RRVV2RA03 STÝR3RD05	FRLA3RB05 RATM2GB05 RRVV2RA03 STÝR2GB05 STÝR3GC05
Davíð Ásgeirsson	RAFM3RE05 RATM2GA05 TNTÆ1GA03 x2 TNTÆ3GC05 VGRT1GA03 x2	RAFM2GB05 RAFM3GD05 RAFM3RF05 RATM2GB05 TNTÆ2GB05 VGRT2GB03
Hlynur Heimisson	TNTÆ1GB05 RAFM2GB05 RAFM3RF05 TNTÆ2GB05	RAFL3GD03 RAFM2GB05 TNTÆ2GB05 VGRT2GB03
Karl Kristinn Þórhallsson	RAFL1GA03 RAFM2GC05 RAMV2VA04(BV) RAST2RB05 RATM2GA05 RLTK2RB05 STÝR1GA05 RAFG1KY05 - grunnskólaval	RAFG1KY05 RAFL1GB03 RAFM2GB05 RAFM3GD05 RAMV2VA04(CV) RLTK3RB05 RRVV2RB03 STÝR3GC05 RAFG1KY05 - grunnskólaval
Sverrir Gunnarsson	RAFL1GA03 RAFM3RE05 RLTK2RB05 STÝR1GA05 UMSJ1NÝ01 VGRT1GA03 VGRT1GA03 VGRT2GC04	LYST3RB05 RAFL1GB03 RAMV1VA05(AV) RLTK3RB05 RRVV2RB03 STÝR2GB05 UMSJ1NS01 VGRT2GB03

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Við að taka ákveðna nemendur sem ekki voru að standa sig í námi og höfðu truflandi áhrif í tímum út úr deildinni virkað i vel fyrir kennslustundir eftir áramót, sem leiddi til þess að það varð mun betri bekkjarbragur og minni læti á göngum.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Samráð á milli kennara þar sem voru þrír kennarar með sama áfanga. Kennsluskipting hefði mátt taka betra mið af hvaða kennara eru sterkastir í hverri grein.
- Athuga þarf hvort ekki sé hægt að nota stofu 110 í staðinn fyrir 201. Einnig spurning að nýta betur stofu 106 þar sem það á við eða að breyta henni alfarið í rafmagnsfræðistofu.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Multi simm.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Multi simm.
- Gervigreind notuð til stuðnings við verkefnagerð.
- Lofar góðu.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Búa þarf til betri matskvarða fyrir ákveðin verkefni í einstaka áfanga.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Búa þarf til betri matskvarða fyrir ákveðin verkefni í einstaka áfanga.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Fjölga hlutaprófum sem verða notuð til að ákvarða hvort nemandi sleppi við lokapróf.
- Setja meiri samfellu í stýriáföngum, hvað á að kenna í hverjum áfanga.
- Athuga með að fleiri áfangar verði með lokapróf.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Almennt góð mæting hjá nemendum. En athuga þarf með utanlandsferðir nemenda.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Blandast við nemendahóp og fá almennar umræður af stað.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Fá tölvuforrit inn á réttum tíma.
- Skólastofur misheppilegar til verklegrar kennslu, stofa 201.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Hefði mátt nýta betur fundartíma sem eru í töflu.
- Klúbbar öflugir í sínu starfi.

Annað sem vert er að taka fram?

- Við ætlum að vera duglegir strákar.
- Plássleysið er orðið aðkallandi.
- Endurnýjun á klæðningu básа í 105B.
- Setja rennur í 103 eins og gert var í 105A og 108.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Davíð Ásgeirsson

- Námskeið í gervigreind - Félag kennara í rafiðngreinum.
- Menntabúðir í Borganesi.
- Kláraði 25 ECTS einingar í HÍ á haustönn og 15 einingar á vorönn.
- Erasmus+ ferð til Cordóba á Spáni með átta nemendur ásamt samkennara.
- Starfsspeglun til Zagreb í Króatíu ásamt tveimur samkennurum í verknámi. Skoðaðir voru tveir skólar í borginni. Ferðin stóð yfir í viku.

Garðar Þór Garðarsson

- Námskeið í FS á vegum Súsönnu M. Gestsdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. Námskeiðið bar yfirskriftina: Leiðsögn og samstarf, aðferðir til framfara. 7 klst.
- Nám í HR RI PLC 1003 Iðntölvustýringar og RI STA 1003 Stafræn tækni
- Skólahald á hraða tækninnar Leiðbeinendur S. Fjalar og Hjörvar Ingi
- Starfsspeglun til Zagreb í Króatíu ásamt tveimur samkennurum í verknámi. Skoðaðir voru tveir skólar í borginni. Ferðin stóð yfir í viku.

6.2.10 Raungreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Elvar Smári Sævarsson	LÍOL3LN05	LÍFI3GN05
Hafþór Óskarsson	EÐLI2AF05 EÐLI3VH05	EÐLI2AF05 x2
Harpa Kristín Einarsdóttir	JARÐ2AJ05 x2 JARÐ3JS05 LÍFF3ÖR05 NÁTT1GR05	JARÐ2AJ05 x2 JARÐ3JS05 LÍFF2GR05 RÉVÍ2KR05
Haukur Viðar Ægisson	LÍFF2GR05 LÍFF3LÍ05 NÁTT1GR05	LÍFF2GR05 LÍFF3ER05 NÁTT1GR05
Karen Rúnarsdóttir	EFNA3RA05 EFNA2LM05 x2 EFNA2GE05 NÁTT1GR05	EFNA3LR05 EFNA2LM05 x2 EFNA2GE05 NÁTT1GR05
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	LÍOL2SS05	LÍOL2SS05 LÍOL2IL05 NÆRI2NNO5

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Gekk vel hjá Karen að komast inn í nýtt starf.
- Í líffræði gekk vel að koma af stað nýjum grunnáfanga. Hann er auðvitað í þróun ennþá eins og allir áfangar eru sífellt í endurskoðun en kennarar eru ánægðir með hvernig gekk þessar fyrstu tvær annir.
- Í jarðfræði gekk vel með nýjan áfanga í jarðsögu, nemendur áhugasamir.
- Í jarðfræði var einnig verið að prófa nýjungar í kennsluaðferðum sem gengu mjög vel, til dæmis stöðvavinna og gagnvirkar kennslustundir.
- Gekk vel að hafa próf í LockDown Browser í líffræði og jarðfræði, yfirferð mun auðveldari og nemendur sáttir við þetta fyrirkomulag.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Nemendum í náttúrufræði á 1. þrepi fannst erfitt að hafa sum verkefni í vinnubók gagnvirk og sum unnin skriflega í stílabók þar sem það var ruglandi hverju átti að skila. Ástæðan fyrir því að farið var í þetta fyrirkomulag var prentkvóti en áður voru öll verkefni prentuð út og auðveldara fyrir nemendur að halda utan um vinnubókarverkefni þar sem allt var á sama formi. Sama fyrirkomulag virkaði þó vel í 3. þreps áföngum en yngi nemendur eiga greinilega erfiðara með að halda utan um þetta. Næst þarf að setja skýrari ramma um skil á vinnubók.
- Undirbúningstími fyrir kennslu í byrjun annar er of stuttur, jafnvel þó kennarar hafi reynslu og hafi gert kennsluáætlanir fyrir þann tíma. Einnig má benda á að ekki er hægt að vinna kennsluáætlanir fyrir skipulagða vinnudaga í þeim áföngum sem eru kenndir af nokkrum kennurum saman.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Gagnvirkar kennslustundir í Moodle í jarðfræði, stöðvavinna í jarðfræði og jarðsögu, escape room verkefni í jarðsögu.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Almenn líffræði 2 í nýja líffræðiáfanganum. Bókin er ekki góð en það eina sem er í boði fyrir utan að skrifa sjálf bók.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Notkun nemenda á gervigreind er stærsta áskorunin. Það er mikil áskorun að gera verkefni sem metin er til einkunnar þannig úr garði gerð að þau læri eitthvað af verkefnunum en láti gervigreind ekki gera allt fyrir sig.
- Í prófum er auðvitað sífelld áskorun að koma í veg fyrir svindl.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Ræddum sem dæmi verkefni þar sem nemendur áttu að halda fyrirlestur í litlum hópum og bjuggu til glærukynningar sem litu vel út en svo kom í ljós þegar nemendur voru spurðir spurninga um efnið að þekking nemenda var mjög takmörkuð. Svo virðist sem gervigreind hafi verið notuð til að búa til efnið á glærurnar, þær svo bara lesnar upp og engin þekking skilaði sér.
- Í jarðfræði verða gerðar breytingar á fyrirkomulagi prófa. Byrjað verður á að það verði að ná öllum prófum en ekki bara meðaleinkunn. Hugsanlega verður farið í að hafa lokapróf á vorönn 2027.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Í líffræði verður ekki vinnubók þar sem þar er lokapróf og nemendur eiga að sjá hag í að gera verkefni.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Ekkert áberandi verri eða betri en áður. Misjöfn eftir hópum og nemendum. Sumir mæta alltaf en svo eru aðrir sem mæta illa, fara jafnvel til útlanda í marga daga og skrópa einnig. Mætingareglur eru mjög víðar og hugsanlega of mikill sveigjanleiki. Hugsanlega gæti skólinn sett stífari reglur fyrir símatsáfanga.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Verkefnavinna með skýrum fyrirmælum. Nemendur þurfa að vita hvers er ætlast til af þeim. Hafa fjölbreytileika í verkefnum og kennsluháttum.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Tímar sem byrja klukkan 15 eru mjög erfiðir, þar gengur ekki að gera það sama og maður gerir í tíma sem er fyrr á daginn. Nemendur voru orðnir mjög þreyttir og erfitt að virkja þau.
- Nemendur sem eru óvirkir alla önnina, sama hvað kennarinn reynir að virkja þá. Halda áfram að mæta, sennilega til að halda mætingu uppi fyrir foreldra. Valda truflun í hópnum.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Hluta af hópnum fannst þetta frábært, gott að fá aukinn tíma til að vinna í námsefnisgerð eða gervigreind.
- Öðrum fannst vanta aðeins meiri ramma en mjög gott að ræða við samstarfsfólk og deila hugmyndum og reynslu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hafþór Óskarsson

- Skólaþróunarhópur, námsefnisgerð.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.

Harpa Kristín Einarsdóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Er þátttakandi í tilraunaverkefni MMS um Gervigreind í kennslu - Verkefni um notkun Claude í framhaldsskólakennslu. Þessu þróunarverkefni lýkur í lok vorannar 2026.
- Þingvellir, jarðfræði og líffræði - Endurmenntun HÍ 6 klst.
- Starfsspeglun með kennurum frá Spáni - 4 klst.



Nemendur í vélstjórn um borð í MV Brúarfossi.

6.2.11 Samfélagsgreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Andrés Þórarinn Eyjólfsson	LÝÐH1HF05	LÝÐH1HF05
Andri Sigurðsson	FÉLV1FR05 SÁLF2HS05 SÁLF3KV05	KYNJ2KJ05 SÁLF3JS05 UPPE2AU05
Anna Rún Jóhannsdóttir	SÁLF2HS05 SÁLF3LÍ05 SÁLF3ÞS05 UPPE3MU05 x2	
Atli Þorsteinsson	FÉLV1IN05 HEIM2NH05 x2 SAGA2HI05 x2	FÉLA3ST05 FÉLV1IN05 HEIM2NH05 SAGA2HI05 SAGA3ÞV05
Bogi Ragnarsson	FÉLA2ES05 x2 FÉLA3HE05 FÉLA3LO05 FÉLA3NF05	FÉLA2ES05 x2 FÉLA3AH05 x2 FÉLA3KS05
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAGA3BN05	SAGA3KM05 x2
Gunnar Magnús Jónsson	LÝÐH1HF05	LÝÐH1HF05
Gunnhildur Þórðardóttir		FÉLV1FR05 x 2 FÉLV1IN05
Kolbrún Marelsdóttir	LÍFS1E05 x2 LÝÐH1HF05 x2	LÍFS1E05 x2 LÝÐH1HF05 x2
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	LÝÐH1HF05	
Sigurður Hilmar Guðjónsson	HAGF2RH05 HAGF2ÞF05 HAGF3RF05 MFSF2RM05 VIFR2MF05 VIFR3LF05	HAGF2RH05 HAGF2ÞF05 HAGF3ÞF05 MARK2GA05 NÁTT1GR05 SÖL4MS02(AA) VIFR3MR05
Stella Björk Fjeldsted	BÓKF2BF05 BÓKF2BT05 VIFR2ST05 VIFR2FF05	BÓKF3FS05 FRUM3GA05 VIFR3FK05
Sveinn Ólafur Magnússon	FÉLA2ES05	
Ægir Karl Ægisson	FÉLV1IN05 FÉLV1FR05 SÁLF3SM05	SÁLF2HS05 SÁLF3SM05 SÁLF3ÞS05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Í lýðheilsu voru ljúfir og góðir hópar, góð mæting og vel heppnað heimsreisuverkefni sem var nýjung.
- Flest gekk í raun vel í viðskiptagreinum, engin ný fög á vorönn og bæði með „bara“ eitt nýtt á haustönn. Erum að komast í rútínu.
- Bókfærsla 1 BÓKF2BF05 var þungur þar sem nemendur höfðu litla sem enga kunnáttu í Excel og hópurinn stór. Allur tíminn fór í að kenna á forritið frekar en bókfærsluna sjálfa.
- Gekk í meirihluta vel í öðrum samfélagsgreinum, mætingar góðar, nemendur áhugasamir og jákvæðir, samstarf við kennara gott.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Allt of mikil barátta fer í það að fá nemendur til að kaupa námsbókina í bókfærslu.
- Veturinn í viðskiptagreinum var léttari núna en í fyrra.
- Baráttan við að reyna að búa til verkefni sem gervigreindin gat ekki unnið fyrir nemendur.
- Í öðrum samfélagsgreinum þarfnast ákveðin verkefni lagfæringar, allskonar skemmtileg tilraunastarfsemi í gangi sem auðvitað þarf að prófa og svo endurskoða.
- Vantar meira samtal við nemendur um lýðræðislegt starf. Þeirra aðkoma þyrfti að vera meiri.
- Gera meira skemmtilegt með nemendum, meira lifandi skólasamfélag þar sem stjórnendur, starfsfólk og nemendur eru að gera hluti saman.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Í lýðheilsu var heimsreisuverkefni nýjung.
- Hilmar breytti VIFR3MR05 úr því að vera hefðbundið bóklegt fag í að vera eitt stórt verkefni sem unnið var í alla önnina. Ætlar að halda því áfram.
- Stella breytti Stjórnun þannig að ekki var bara unnið úr kennslubókinni heldur lifandi fag sem mun nýtast þeim betur.
- Í öðrum samfélagsgreinum er nóg af þeim. Alltaf verið að prófa nýja hluti.
- Atli býður öllum að mæta í tíma og skoða hjá sér þær aðferðir sem hann er að prófa.
- Ýmsar nýjungar sem við erum að reyna að gera til að nemendur vinni án þess að fá öll svör frá gervigreind.
- Aukning á skapandi verkefnum.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Markaðsfræði 1 2MF05 var ný bók notið, frábær og höldum áfram.
- Atli bjó til tvö ný efni - bjó til kennslubækur fyrir inngang að félagsvísindum og Þjóðarmorð og voðaverk. Reynslan góð.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Í lýðheilsu var það að standa við fyrir fram sett markmið í kennsluáætlun varðandi verkefnaskil og mætingu.
- RISA áskorun í viðskiptagreinum oft á tíðum að átta sig á því hvort nemandi gerði verkefnið sjálfur eða gervigreindin og hvernig skuli þá tækla það. Einnig stór hluti sem viðurkennir það að það lærir aldrei fyrir próf og þá má setja spurningamerki við þessi endalausu upptökupróf.
- Gervigreind í skriflegum verkefnum.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Jafningjamat, sjálfsmat og kennaramat virkaði mjög vel í lýðheilsu en það var nýjung í nýju heimsreisuverkefni. Við ætlum að gera breytingar á matslistum varðandi verkefni.
- Það að leyfa ekki lengur endurtekt á tímaverkefnum í viðskiptagreinum gefur raunhæfari mynd af getu nemenda, því verður haldið áfram.
- Auk þess þá verður lokapróf í Þjóðahagfræði 1, Rekstrarhagfræði 1 og Fjármál 1.
- Atli telur Respondus vafrann hafa virkað vel.
- Verkefni munu gilda minna, meira hugsuð sem undirbúningur. Kaflapróf munu þá vega meira, þau verða án gagna og því ekki hægt að nýta gervigreindina.
- Fleiri handskrifuð verkefni.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Göngudagur var ekki á vorönn í lýðheilsu vegna athugasemda skólastjórnenda og fundum við ekki ásættanlega leið til að framkvæma hana. Við söknum þessa skemmtilega dags og vonum að við getum sett hann aftur inn á haustönn.
- Bara prófa alls konar og sjá hvað virkar.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mjög góð í lýðheilsu**.**
- Bara svipað og undanfarið í viðskiptagreinum.
- Í öðrum samfélagsgreinum var mætingin nokkuð góð heilt yfir. Alltaf einhverjir á hverri önn sem mæta illa.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Það er áskorun að virkja þau í lýðheilsu en með því að við erum að endurmeta verkefni áfangans á hverri önn og ávallt með puttann á púlsinum, þá höldum við að það virki best. Það er mikil fjölbreytni í kennsluháttum
- Hópaverkefni og þegar þau sjálf áttu að ræða saman gekk vel til að virkja nemendur í viðskiptagreinum.
- Í skipulagðri vinnu. Mikill munur á hópum en flestir hóparnir ágætir í að taka þátt í umræðum.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Það voru ekki miklar áskoranir í lýðheilsu, almennt gekk vel. Það var viss áskorun að ræða gönguferðina og finna henni farveg.
- Gervigreindin í viðskiptagreinum.
- Ægir talaði um ákveðna áskorun að byrja aftur og vera með stóra hópa, mörg nöfn að muna.
- Gervigreindin í öðrum samfélagsgreinum, en við erum að vinna við ýmsar lausnir á því.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Við í lýðheilsu vorum mjög sátt með að geta sett saman Heimsreisuverkefni sem heppnaðist svo mjög vel. En við nýttum þennan tíma í að setja það saman og útbúa námsmat í kringum það.
- Þeir hafa nýst þannig að við fundum ekki fyrir því að þetta voru auka tveir heilir vinnudagar. Næsta skólaár verður ekki eins, þá eru þessir dagar komnir inn í skóladagatalið sem aukadagar og þá væri gott að fá alvöru námskeið, skólaheimsókn eða eitthvað svoleiðis.
- Jákvætt hvernig skólaþróun var stýrt.
- Mikið frelsi til að vinna að því sem okkur raunverulega langaði að gera en í ákveðinni umgjörð.

Annað sem vert er að taka fram?

- Spurning um að skoða það að nemendur sem eru í fornámi eða framhaldsskólabraut séu ekki úti í gám. Þau virðast eiga mörg hver erfiðara með að vera þar út af áreitinu, hljóðvist, ljós og fleira.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Atli Þorsteinsson

- Námskeið í Respondus LockDown Browser ásamt fundum fyrir skólastjórnendur við Respondus kerfið.
- Námskeið í Moodle.

Kolbrún Marelsdóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.

Sigurður Hilmar Guðjónsson

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Gervigreind í kennslu, tækifæri og áskoranir - 24 klst.

Stella Björk Fjelsted

- Hugsandi skólastofa, grunnnámskeið - Háskóli Íslands 16 klst.
- Hugsandi skólastofa, framhaldsnámskeið - Háskóli Íslands 8 klst.
- Skólaþróunarhópur, stærðfræði með gervigreind.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- JA Iceland kennaraþjálfun - 3 klst.



Systkynin Emma Steinsen og Agnar Smári Jónsbörn voru með fræðslu á afreksíþróttalínu.

6.2.12 Starfsbraut - Framhaldsskólabraut starfsbraut

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Helena Rut Borgarsdóttir	BRAG1SA01 ENSK1ÞS03 ÍSLE1HV03 ÍSLE1MS03 LÍFF1ML03 LSTR1TE03 LÝÐH1SL02 UMSJ1ST00	BRAG1SA01 ENSK1ÞS03 ÍSLE1HV03 ÍSLE1MS03 LÍFF1ML03 LSTR1TE03 LÝÐH1SL02 UMSJ1ST00
Íris Lind Björnsdóttir	BRAG1SA01 LÍFS1FJ03 LSTR1TE03 NÁSS1GA01 NÁTT1ÍN03 STÆR1TG03 x2 UMSJ1ST01	BRAG1SA01 ENSK1FE03 ENSK1LM03 LÍFF1ML03 LÍFS1LM03 LSTR1MA03 SAMS1SS01 UMSJ1ST00
Kristín María Birgisdóttir	BRAG1SA01 ÍSLE1SA03 x2 LÍFS1FJ02 LÝÐH1GÖ02 LÝÐH1RH01 NÁTT1ÍN03 SAMS1SP03 STAR1RS01 UMSJ1ST01	BRAG1SA01 ÍSLE1MS03 LÍFF1LM03 LÍFS1LM02 LÝÐH1RH01 NÁSS1GA01 SAMS1SP03 STAR1RS01 STÆR1PA05 UMSJ1ST00 VIFR1VV03
Jóhann Jóhannsson	BRAG1SA01 ÍÞRÓ1HB01 LÍFS1FJ02 LÝÐH1ÍH02 LÝÐH1RH01 NÁTT1ÍN03 SAGA1SH03 STAR1VF01 STÆR1TG03 UMSJ1ST01	BRAG1SA01 ENSK1FE03 LÍFS1LM03 LÝÐH1ÍH02 LÝÐH1RH01 NÁSS1GA01 SAMS1KG03
Magnús Einþór Áskelsson	BRAG1SAO1 LÍFS1FJ03 LÝÐH1ÍH02 LÝÐH1RH02 NÁTT1ÍN03 SKNÁ1ÓE03 STARJVF01 STARJVF01 STÆR1TG03 STÆR1TG03 UMSJ1ST01	BRAG1SA01 ENSK1FE03 ENSK1SF03 ENSK1ÞS03 FÉLV1ÍS03 LÍFF1ML03 LÍFS1LM03 LÝÐH1H02 STAR1VF01 UMSJ1ST00

Ólöf Ósk Óladóttir	BRAG1SA01 ÍSLE1SA03 LÝÐH1GÖ02 LÝÐH1RH01 NÁTT1ÍN03 SKNÁ1ÓE03 STÆR1TG03 UMSJ1ST00	BRAG1SA01 ENSK1FE02 HBFR1SS03 LÍFF1ML03 x2 LÍFS1LM02 LÝÐH1GÖ03 LÝÐH1RH01 UMSJ1ST00
Telma Rut Eiríksdóttir	BRAG1SA01 ÍSLE1AL03 ÍSLE1BÓ03 LSTR1TX03 NÁTT1ÍN03 STAR1ST01 UMSJ1ST01	BRAG1SA ÍSLE1HV03 ÍSLE1RM03 LÍFF1ML03 LÍFS1LM03 STAR1FS03 STAR1ST01 UMSJ1ST00
Thelma Dögg Árnadóttir	BRAG1SA01 ÍSLE1BÓ03 LÍFS1FJ02 LÝÐH1RH01 NÁTT1ÍN03 SAMS1SP03 SKNÁ1ÓE03 STAR1VF01 STÆR1TG03 UMSJ1ST01	BRAG1SA01 ENSK1ÞS03 ÍSLE1MS03 LÍFFML03 LÍFSLM02 LÝÐH1RH01 SAMS1SP03 STAR1FS03 STAR1VF01 UMSJ1ST00
Valgerður Guðbjörnsdóttir	BRAG1SA01 LÍFS1FJ03 x2 LSTR1GH03 LÝÐH1RH01 NÁTT1ÍN03 SAMS1SP03 STÆR1TG03 UMSJ1ST01	BRAG1SA01 ÍSLE1HV03 LÍFF1ML03 x2 LÍFSL1LM02 LÝÐH1GÖ02 LÝÐH1RH01 SAMS1BO3 UMSJ1ST00
Þóra Sigríður Jónsdóttir	BRAG1SA01 ÍSLEBÓ03 LÍFS1FJ03 LSTR1TX03 LÝÐH1GÖ02 LÝÐH1RH01 NÁTT1ÍNO3 UMSJ1ST01	BRAG1SA01 ÍSLE1HV03 ÍSLE1MS03 LÍFF1ML03 LISTRTX03 UMSJ1ST00

Á starfsbraut störfuðu fimm stuðningsfulltrúar á báðum önnum þær Drífa Guðmundsdóttir í 100% stöðu og þær Sigríður Rut Ragnarsdóttir, Steina Björk Ketilsdóttir, Árný Alexandra Þórhallsdóttir og Sandra Rún Guðmundsdóttir allar í 80% stöðu.

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Hópaskipting virkaði vel.
- Samheldni og góður mórall í starfsmannahópnum.
- Námsefni var við hæfi og vel aðlagað.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Betri undirbúningur fyrir stuðningsfulltrúa áður en kennsla hefst.
- Þarf að fjölga stuðningsfulltrúum.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Nemandi í 1/1 kennslu vann með klippiforritið FilmOra og gerði stuttmynd.
- FlipaClip var notað í 1/1 kennslu fyrir teiknimyndir.
- Nemandi í 1/1 fór í vettvangsferðir til bónda.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Það skiptir máli að kennsluskipting sé ljós snemma svo hægt sé að undirbúa námsefni. Námsefni á starfsbraut er allt unnið frá grunni og hafa starfsmenn tekið vel í að sinna þeirri vinnu og skilað af sér góðu efni.
- Námsefnið er í raun orðið þrískipt eftir getu nemenda, sem flækir námsefnisgerð.



Útskriftarnemendur á starfsbraut fóru í vettvangsheimsókn til Isavia á Keflavíkurflugvelli.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Gerð hefur verið krafa um lokapróf á starfsbraut. Við viljum koma því á framfæri að undirbúningur og framkvæmd lokaprófa er mjög flókin ef allir nemendur á starfsbraut eru settir undir sama hatt. Námsmat á starfsbraut er og þarf að vera einstaklingsmiðað.
- Upplifun okkar er að lokapróf auki á kvíða og endurspeglar því ekki endilega raunverulega stöðu nemenda.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Höldum áfram með einstaklingsmiðað námsmat. Leggjum einnig áherslu á skriflegt námsmat fyrir viðkvæmasta hópinn sem þarf skýrara námsmat.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Fjölgun á nemendum.
- Fjölgun hópa.
- Stefnt á að kenna fornámsíslensku og stærðfræði á framhaldsskólabraut starfsbraut.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Alls konar og einstaklingsmiðuð.
- Heilt yfir góð en alltaf hópur sem glímir við skólaforðun. Reynum að bregðast við því eftir bestu getu.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með fjölbreyttum kennsluaðferðum.
- Fjölbreyttar leiðir sem henta í okkar stóru og fjölbreyttu hópum, tónlist oft góð kveikja eða til að brjóta upp.
- Magga fannst best að syngja, þá þögnuðu allir.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Of stórir hópar.
- Of mikill getumunur.
- Ólíkar þarfir nemenda.
- Að þurfa að hafa ólíka nemendur sem eiga enga samleið saman í stofu vegna plássleysis.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Almennt vel.
- En einhverjir tóku ekki mikið út úr þeirri vinnu þar sem áherslur eru ólíkar milli brauta.

Annað sem vert er að taka fram?

- Einhverjir veltu fyrir sér tímasetningu á Erasmus verkefni nemenda sem tók heila viku. Tímasetningin hentaði ekki vel, þ.e. næstsíðasta vika fyrir próf.
- Kynnisferð hjá öðrum starfsbrautum hérlendis/erlendis.
- Meira framboð á verknámi fyrir nemendur á starfsbraut.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Íris Lind Björnsdóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.

Jóhann Jóhannsson

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Skólaþróunarhópur, námsefnisgerð.

Ólöf Ósk Óladóttir

- Gervigreind í skólastarfi - Endurmenntun HÍ 7 klst.
- Fyrstu skref í námsgagnagerð - Endurmenntun HÍ 9 klst.
- Húmor og harmur - Áföll, sorg og bjargráð - Endurmenntun HÍ 3 klst.
- Að efla seiglu ungmenna - Verkfæri fyrir fagfólk - Endurmenntun HÍ 3 klst.

Valgerður Guðbjörnsdóttir

- Tobiidynavox tjáskiptatölva - 3 klst.

6.2.13 Stærðfræði

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Elín Rós Bjarnadóttir	STÆR2AR05 STÆR2TL05 x2	STÆR2AR05 STÆR2TL05 x2
Guðlaug Pálsdóttir	STÆR2AH05 - grunnskólaval	STÆR2AH05 - grunnskólaval
Hafþór Óskarsson	STÆR2VH05	
Hildur Guðjónsdóttir	STÆR2AH05 x2 STÆR2TL05 STÆR2VH05 x2	STÆR2AH05 x2 STÆR2TL05 STÆR2VH05 x2
Jón Gunnar Schram	STÆR1AR x3	STÆR1AR x2
Inga Lilja Eiríksdóttir, fagstjóri	STÆR2AH05 - grunnskólaval STÆR3DF05 STÆR3FT05 STÆR3HI05 STÆR3SS05	STÆR2AH05 - grunnskólaval STÆR3DF05 STÆR3FT05 STÆR3HI05 STÆR3SS05
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1AR05 x2 STÆR1FA05 STÆR1PA05 UMSJNS01	STÆR1AR05 STÆR1FB05 STÆR1PA05 STÆR2AR05 UMSJNS01
Michael Anthony Weaver	STÆR2AR05 x2	STÆR2AR05
Rakel Ósk Eiríksdóttir	STÆR1PA05 x3 STÆR1FA05	STÆR1FB05
Sigurður Hilmar Guðjónsson	STÆR2AR05	
Stella Björk Fjeldsted	STÆR1AR05	STÆR1AR05 STÆR2AR05
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR2AH05 STÆR3ÁT05 x2	STÆR2TL05 STÆR3ÁT05 x2

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Gott samstarf á milli kennara með örlitlum undantekningum. Gekk vel að kenna nýtt efni í fornámi og nýja bók í PA. Mæting var fín þetta árið. Símar hafa verið minna vandamál og langflestir komnir með vasareikni.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Mjög misstórir hópar. Margir hópar mjög stórir og nokkrir mjög litlir. Tússtöflur voru til ama alla önnina en það stendur til bóta. Nemendur hanga alltof lengi inni eftir að þau eru komin með 12 fjarvistir. Dæmi um að nemendur fá ekki einu sinni tölvupóst þegar þau eru komin yfir 12 fjarvistir, væri ekki hægt að hafa það sjálfkrafa í kerfinu?

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Ekki mikið um nýjungar í stærðfræðinni. Bein kennsla hentar nemendunum best og það er það sem þau vilja.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Nýtt efni í fornámi og ný bók í PA. Það gekk vel og við höldum áfram með það efni næsta ár. Seinni hlutinn í fornámi fær nýtt efni á næsta ári.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Nemendur deila verkefnum sín á milli, ein lausn gæti verið að fækka námsmati með gögnum. Mjög mikil áskorun þegar þau eru að fresta prófum, margir bara að skrá sig veika til þess að fá að taka próf seinna. Mætti óska eftir læknisvottorði þegar þau eru veik í prófum?

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Engar breytingar fyrirhugaðar en mögulega verða tímaverkefni án gagna og harðari reglur með sjúkrapróf.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Nýta föstudagstíma fyrir sjúkrapróf.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Þokkalega góð, alltaf einn og einn og þeir fá að hanga inni alltof lengi.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Hvetja og hrósa, klappa á bakið.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Skortir tíma til samráðs. Vonandi gengur að koma samráði inn í töflu.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Það gekk bara vel.

Annað sem vert er að taka fram?

- Við erum frábær.
- Hugmynd að skólaþróun á næsta ári. Lesa saman bókina MATH-ish. Bókin er 8 kaflar sem þýðir 8 fundir + 8 klukkustundir í lestur hvers kafla.
- Mikilvægt er að hafa stærðfræðihópana í stofum sem hafa stóra töflu sem hægt er að færa upp og niður. Ómögulegt er að kenna stærðfræði á litla töflu og til dæmis í gámunum. Stofur 206 - 210 og 321 og 323 eru tilvaldar fyrir stærðfræði.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Elín Rós Bjarnadóttir

- Skólaþróunarhópur, stærðfræði.
- Meistaranám 30 ECTS á haustönn 2025.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.

Hildur Guðjónsdóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Skólaþróunarhópur, stærðfræði með gervigreind.

Inga Lilja Eiríksdóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- STM109F, Stjórnun og forysta, Háskóli Íslands, haustið 2025 - 10 ECTS.
- STM110F, Þróunarstarf í menntastofnunum, Háskóli Íslands, haustið 2025 - 10 ECTS.

Margrét Sigurvinsdóttir

- Skólaþróunarhópur, stærðfræði.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Bakverkir ráð og óráð, Endurmenntun HÍ - 3 klst.
- Verkfærakista jákvæðrar sálfræði, Endurmenntun HÍ - 3 klst.
- Námsefnisgerð - fyrstu skref, Endurmenntun HÍ - 9 klst.
- Leshópur, lesa bókina Math-ish á vegum stjórnar Flatar - 17 klst.

Þjóðbjörg Gunnarsdóttir

- Skólaþróunarhópur, stærðfræði.
- Bakverkir ráð og óráð, Endurmenntun HÍ - 3 klst.
- Verkfærakista jákvæðrar sálfræði, Endurmenntun HÍ - 3 klst.
- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.

6.2.14 Tölvugreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Bragi Einarsson	UPPL2TU05 x3	UPPL2TU05 x3
Gísli Freyr Ragnarsson, fagstjóri	FORR2PH05 FORR3HF05 UMSJ1NÝ01 VEFH2HÖ05 VFOR2FE05 VFOR3LO05	
Hafþór Óskarsson	FORR2LE05 TÖTÆ1GR05	FORR2HF05 FORR2PH05
Hilmir Aron Kárason	GAGN2GR05 GAME3MÁ05 LEIF1GR05 LEIF2FR05 MARG2ÞV05	GAGN2GR05 LEIF2GR05 x2 LOKA3GA05 VFOR2GR05
Hjörtur Guðbjartsson	UPPL1FA05	UPPL2TU05(FN)
Michael Anthony Weaver	UPPL2TU05 x2	UPPL2TU05 x2
Guðmann Kristþórsson	UPPL1FA05	
Rósa Guðmundsdóttir	FAB2GR05 TÖTÆ1GR05 FAB2GR05 - grunnskólaval	FABL3FR05 TÖTÆ2FR05 FAB2GR05 - grunnskólaval

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Notkun á LockDown Browser svo nemendur væru ekki að svindla á prófum gekk vel.
- Allir lifðu önnina af.
- Lokaverkefnis áfangi í leikjaforritun gekk mjög vel, sterkur hópur.
- FabLab framhaldshópur gekk vel eftir að hafa verið kenndur í fyrsta skipti.
- Gekk vel að kenna nemendum að hagnýta sér gervigreind eftir að hafa farið vel yfir með nemendum hvernig á að nýta hana á réttan hátt.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Athuga með forkröfur í FabLab seinni áfanga þar sem nemendur sem voru ekki með nógu góða einkunn úr áfanganum á undan eða voru með nógu mikinn þroska og ekki að ná að standa sig nógu vel.
- Of margir að nýta gervigreind á rangan hátt, til að nota það til að gera verkefni fyrir sig.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Notkun á LockDown Browser var aukin.
- Notkun leikja við forritun, þar sem nemendur gera verkefni og fá nokkra möguleika til að gera svarið en lækkar alltaf í einkunn eftir hverja tilraun.
- Prófað að nota meiri gervigreind í yfirferð verkefna.
- Spurningar á verkefnum og prófum eru gerð fjölbreyttari með notkun á gervigreind.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Auka notkun á hugbúnaði í tölvuáföngum.

Hverjar eru helstu áskoranir á þessu skólaári varðandi námsmat?

- Að greina gervigreindarlausnir frá nemendum frá raunverulegum lausnum.

Námsmat, hvað hefur virkað vel og hvað ekki? Eru breytingar fyrirhugaðar á námsmati á næsta skólaári?

- Setja lokapróf í fleiri áfanga. Hugmyndir að setja lokapróf í skylduáfanga en hafa meiri slaka í valáfanga.

Eru einhverjar aðrar breytingar fyrirhugaðar á næsta skólaári?

- Breytingar á tölvubrautum framundan. Drífa þarf í breytingum á raunvísindabraut þannig að forritun verði skylduáfangi í kjarna.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mæting var mjög fín, virknin var meira vandamál.
- Of mikið af fólki sem fór til útlanda í skemmtiferð í lengri tíma.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með mætingargulrót.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Einhverjir hópar voru í vandræðum með að hafa mætingargulrót þar sem það orsakaði að nemendur unnu verkefni illa eða tóku svör frá öðrum.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með skólaþróun þetta skólaárið?

- Of fáir tímar og of stuttir. Pælingar í hversu mikil afurð verður af þessum tímum.

Annað sem vert er að taka fram?

- Til í að hafa fleiri faggreinafundi eða fagfundi.
- Erfitt að vera að kenna áfanga sem á að vera grunnáfangi en í nemendahópnum eru annars vegar algjörir byrjendur í efninu, síðan nemendur sem hafa mikla reynslu í efninu og nemendur sem tala hvorki íslensku né ensku. Þetta reynir mjög á kennarann.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hilmir Aron Kárason

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Game makers Iceland Winter Game Jam: Keppti og lenti í öðru sæti.
- Erindi á vegum Epic games um Unreal Engine og leikjagerð á Íslandi.

Rósa Guðmundsdóttir

- Leiðsögn og samstarf, leiðir til framfara - sumarnámskeið í FS 7 klst.
- Er þátttakandi í tilraunaverkefni MMS um Gervigreind í kennslu - Verkefni um notkun Claude í framhaldsskólakennslu. Þessu þróunarverkefni lýkur í lok vorannar 2026.
- Skólaþróun yfir skólaárið, ýmis námskeið og vinnustofur á vegum skólaþróunarteymis FS.



Nemendur skrifuðu falleg skilaboð á kærleikstré á degi umburðarlyndis.

6.3 Lokaorð

Skólaárið 2025 - 2026 einkenndist af öflugu og fjölbreyttu fagstarfi þar sem lögð var áhersla á samstarf, þróun og miðlun þekkingar. Starfsfólk tók virkan þátt í skólaþróun, símenntun og fjölbreyttum verkefnum sem miðuðu að því að efla kennslu, námsmat og starfsumhverfi skólans. Á árinu var jafnframt unnið markvisst að því að skapa vettvang fyrir faglegt samtal og samráð með fjölbreyttum fundum, námskeiðum, vinnustofum og erindum sem studdu við áframhaldandi þróun skólastarfsins.

Sérstaklega var ánægjulegt að fylgjast með þeirri vinnu sem fram fór innan skólaþróunar- og gervigreindarhópa þar sem starfsfólk vann saman að nýjum hugmyndum og lausnum sem geta nýst í framtíðarþróun kennslu og náms. Sú vinna sýnir vel þann metnað, frumkvæði og faglegan áhuga sem einkennir starfsmannahóp skólans. Á sama tíma var áfram lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á nýjum kennsluháttum, tæknilausnum og þeim breytingum sem eru að verða í menntun og skólastarfi.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja býr yfir öflugum mannauði og sterkri fagmenningu sem endurspeglast í daglegu starfi skólans. Samvinna, sveigjanleiki og vilji til að leita nýrra leiða hafa verið áberandi einkenni skólaársins og skapað traustan grunn fyrir áframhaldandi þróun. Verkefnin framundan eru fjölmörg og spennandi en með þeirri reynslu, þekkingu og samstöðu sem býr meðal starfsfólks er skólinn vel í stakk búinn til að takast á við þau.

Að lokum vilja námsstjórar færa öllu starfsfólki skólans bestu þakkir fyrir gott samstarf, fagmennsku og það mikilvæga framlag sem hver og einn hefur lagt til skólastarfsins á liðnu skólaári. Við óskum starfsfólki gleðilegs sumars og hlökkum til áframhaldandi samstarfs á komandi skólaári.

Elín Rós Bjarnadóttir, **Rósa Guðmundsdóttir** og **Þjóðbjörg Gunnarsdóttir** námstjórar tóku saman.

7 Skýrsla bókasafns

7.1 Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m2 húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 12 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Í safninu er einnig kennslustofa sem er notuð fyrir nokkra minni hópa. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og þá býr safnið yfir 40 fartölvum sem eru lánaðar í kennslustundir. Fyrir framan safnið er prentari. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Guðrún Einarsdóttir bókavörður.

7.2 Skólaárið 2025-2026

Opnunartími bókasafnsins er mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls er safnið því opið 36 tíma í viku. Starfsemi safnsins var með hefðbundnu sniði á skólaárinu.

Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað rúmlega 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

Í upphafi hverrar annar eru hefti sem kennarar búa til seld á bókasafninu. Auk þess geta nemendur keypt blýanta á safninu og nemendur í háriðnum greiða fyrir búnað í upphafi skólaárs.

7.3 Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2025-2026	Safnkostur
Bækur	46	16.108
Myndefni	0	1.142
Hljóðefni	0	247
Hljóðbækur	0	69
Annað	1	20
Afskrifað: 744		
Samtals	**47**	**17.586**

Aðföng 2025-2026	
Keypt	46
Aðsent	0
Gjafir	1
Kennslubækur	8

Aðföng – efnisflokkar

000	Almennt efni	2	500	Raunvísindi	4
100	Heimspeki, sálfræði, siðfræði	0	600	Tækni, vísindi, framleiðsla	10
200	Trúarbrögð	0	700	Listir, skemmtanir, íþróttir	6
300	Samfélagsfræðigreinar	3	800	Bókmenntir	16
400	Tungumál	1	900	Sagnfræði, landafræði og ævisögur	5

Tímaritaáskriftir: 16
Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk frétta- og dreifibréfa.

7.4 Útlán

Heimlán: 290
Millisafnalán: 2
Lán innan safns/skóla: 13.357 (haustönn 7.925, vorönn 5.432)

Guðmann Kristþórsson forstöðumaður bókasafns tók saman.



Keppendur í söngkeppninni Hljóðnemanum ásamt fulltrúum nemendafélagsins.

8 Skýrsla námsráðgjafa

8.1 Inngangur

Á skólaárinu voru þrír námsráðgjafar starfandi við skólann. Allar voru þær í 100% starfshlutfalli. Nemendafjöldi í dagskóla á haustönn 2025 voru um 1050 og 160 nemendur í síðdegisnámi. Á vorönn 2026 voru nemendur tæplega 990 í dagskóla og um 131 í síðdegisnámi.

8.2 Verkaskipting námsráðgjafa

Námsráðgjafar skipta með sér verkefnum sem eru mjög fjölbreytt. Þessi verkefni eru eftirfarandi:

- Halda utan um verknámsnemendur skólans.
- Vera í áfallateymi skólans og eineltisteymis skólans.
- Hafa umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf.
- Sinna umsjón útskriftarnemenda.
- Tengiliðir Heilsueflandi framhaldsskóla, Flugsins og Farsældar.
- Halda utan um nýnemadaginn.
- Halda utan um fornámsnemendur.
- Halda utan um nemendur sem komu frá tölvuleikjagerð Keilis.
- Halda utan um aðstoðarlistann.
- Sjá um auglýsingar fyrir skólann á Instagram.
- Vera tengiliður við skiptinemann á árinu.

Námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Nemendur komu í FS og fengu kynningu á skólanum bæði í húsnæðinu sjálfu og á sal skólans. Boðið var upp á hressingu sem mæltist vel fyrir. Allar tóku þær viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum á framhaldsskólabrautum. Auk þess hafa námsráðgjafar haft samband við einhverja nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða. Námstækni- og prófkvíðanámskeið eru orðin einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa og voru einir. Eins geta nemendur tekið kaflapróf inni hjá námsráðgjafa ef þess er óskað eftir.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

8.3 Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á heimasíðu skólans, á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil. Nemendur sem hafa stundað nám í skólanum leita til námsráðgjafa meðal annars varðandi val á fjarnámsáföngum í öðrum skólum.

Flestir sem koma til námsráðgjafa eru að velta fyrir sér námi skólans og fá aðstoð við gerð námsáætlana. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, upplýsingar um aðgengi að Hljóðbókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Fámennur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina Í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin Í leit að starfi er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

8.4 Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmis konar greiningar að höfðu samráði við nemendur, ásamt því að koma öllum greiningum ásamt skjalastjóra í GoPro. Allar upplýsingar er varða nemendur á að varðveita í GoPro. Námsráðgjafar hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika ef nemendur óska eftir því. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hverrar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að útbúa vottorð fyrir nemendur sem sækja um á Hljóðbókasafnið. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum sem óskað hafa eftir greiningu hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Á haustönn 2025 voru 135 greiningar vegna lesblindu og 118 greiningar vegna ADHD og ADD. Á vorönn 2026 voru 115 greiningar vegna lesblindu og 105 greiningar vegna ADHD og ADD. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri eða ADHD/ADD en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá lokaprófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í lokaprófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Á haustönn 2025 voru 67 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2026 var 41 nemandi sem sótti um sérúrræði í lokaprófum.

Skólaárið 2025 til 2026 var boðið upp á félagsráðgjafaþjónustu við skólann þar sem einn félagsráðgjafi var með fasta viðveru í skólanum alla daga frá 8-14. Bókanir fóru fram á skrifstofu skólans eða í gegnum tölvupóst.

8.5 Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni. Þessi viðtöl eru í júní og ágúst. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar. Haustið 2025 byrjuðu 46 nemendur í fornámi.

8.6 Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

8.7 Farsæld

Lög um samþættingu um þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi árið 2022. Innleiðing farsældar gekk vel á skólaárinu. Allir námsráðgjafar eru tengiliðir farsældarþjónustu í skólanum auk tveggja brautarstjóra starfsbrautar og félagsráðgjafa skólans. Tengiliðir héldu fundi nokkrum sinnum yfir skólaárið.

8.8 Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

8.9 Námskeið og fagfundir

Námsráðgjafar sóttu málþing í Háskóla Íslands í apríl sem hét ,,Heimsókn stoðþjónustu framhaldsskólanna“. Námsráðgjafar skráðu sig á Farsældarþing sem fór fram í maí.

8.10 Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans eins og áður.

8.11 Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Allir skólar á Suðurnesjum hafa fengið boð um námskynningu fyrir 10. bekk sem þeir þáðu. Námsráðgjafar fóru á námskynningu í Listaháskóla Íslands og fengu að skoða aðstæður þar.

8.12 Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta námsferla, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

8.13 Aðrir samstarfsaðilar

- Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands
- BUGL- Barna- og unglingageðdeildin
- Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum
- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
- Greiningastöð Ríkisins
- Hljóðbókasafnið
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Skólar á háskólastigi
- Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Vinnumálastofnun Suðurnesja
- Námsráðgjafar úr framhaldsskólum
- Þjónustuteymi Grindvíkinga

Guðrún Jóna Magnúsdóttir, **Sesselja Bogadóttir** og **Sunna Gunnarsdóttir** náms- og starfsráðgjafar tóku saman.



Skólablaðið Vizkustykki kom út á haustönn og vorönn.

9 Skýrsla félagsráðgjafa

9.1 Skýrsla félagsráðgjafa

Á skólaárinu 2025 - 2026 sinnti félagsráðgjafi Fjölbrautaskóla Suðurnesja fjölbreyttum verkefnum sem snúa að stuðningi og ráðgjöf við nemendur. Í þessari skýrslu er farið yfir helstu verkefni ársins ásamt lykiltölum sem varpa ljósi á umfang þjónustunnar og þau málefni sem nemendur leita helst til félagsráðgjafa með. Markmið þjónustunnar er að efla velferð nemenda og tryggja að þeir fái viðeigandi stuðning vegna félagslegra, tilfinningalegra eða persónulegra áskorana sem geta haft áhrif á líðan þeirra og námsframvindu.

Á skólaárinu var starf félagsráðgjafa áfram í þróun og breytingar urðu á ábyrgðarhlutverkum innan skólans. Frá og með janúar 2026 varð félagsráðgjafi annar af tveimur tengiliðum farsældar eftir að tengiliðum var fækkað úr sex í tvo. Á sama tíma var starfshlutfallið aukið í 100%. Megináhersla starfsins var áfram einstaklingsráðgjöf og viðtöl við nemendur auk þátttöku í fjölbreyttu samstarfi og verkefnum innan og utan skólans. Þrátt fyrir að þjónustan hafi fest sig betur í sessi voru ekki allir nemendur og starfsmenn meðvitaðir um hlutverk hennar eða hvernig hægt er að nýta hana.

Til að auka sýnileika þjónustunnar var lögð áhersla á kynningu hennar í upphafi skólaárs gagnvart nemendum, foreldrum og starfsfólki. Þjónustan var meðal annars kynnt á nýnemadegi, í öllum bekkjum fyrsta árs nema og á sérstökum starfsmannafundi í mars. Áfram var markvisst unnið að því að tryggja gott aðgengi að þjónustunni og undirstrika að nemendur geti leitað til félagsráðgjafa með fjölbreytt mál, bæði stór og smá. Nemendur höfðu möguleika á að hafa samband með ýmsum hætti, meðal annars með heimsókn á skrifstofu, í gegnum tölvupóst, SMS, símtal eða með því að óska eftir viðtali í gegnum heimasíðu FS. Einnig gátu foreldrar, kennarar, náms- og starfsráðgjafar og annað fagfólk óskað eftir viðtölum fyrir nemendur. Flest viðtöl fóru fram í skólanum en í ákveðnum tilvikum voru einnig boðin símaviðtöl.

Málaflokkar nemenda voru fjölbreyttir og í sumum tilvikum var þörf á frekari úrræðum utan skólans svo sem þjónustu sálfræðinga, félagsþjónustu sveitarfélaga eða starfsendurhæfingar. Samstarf við fagaðila utan skólans var í flestum tilvikum gott og stuðlaði að heildstæðri þjónustu við nemendur. Þó kom í ákveðnum málum í ljós þörf á aukinni samfellu og skýrari samhæfingu þjónustu milli kerfa, meðal annars hvað varðar samþættingu mála á öðru og þriðja stigi farsældarþjónustu. Í sumum tilvikum var það mat félagsrágjafa að æskilegt hefði verið að mál færu fyrr eða með markvissari hætti í slíka samþættingu, jafnvel þótt þau væru þegar í vinnslu í öðru kerfi. Það hefði getað stuðlað að skýrari verkaskiptingu, samræmdari eftirfylgni og heildstæðari stuðningi við nemendur og fjölskyldur þeirra.

9.2 Skipulag þjónustu við nemendur

Félagsráðgjafi skólans veitir nemendum einstaklingsráðgjöf vegna félagslegra, persónulegra og/eða tilfinningalegra áskorana. Í þjónustunni er lögð áhersla á lausnamiðaða nálgun, sjálfseflingu og að styrkja nemendur í að takast á við eigin aðstæður. Leitast er við að mæta hverjum nemanda út frá hans eigin forsendum með heildræna sýn á líðan, tengsl og nærumhverfi að leiðarljósi. Þjónustan er nemendum að kostnaðarlausu og miðar að því að efla vellíðan nemenda. Hún felur meðal annars í sér ráðgjöf, mat á stöðu nemenda, stuðning og aðstoð við að finna viðeigandi úrræði þegar þörf er á. Einnig er lögð áhersla á samstarf við fagaðila innan skólans og utan eftir því sem við á.

Ástæður þess að nemendur leita til félagsráðgjafa eru fjölbreyttar. Meðal annars leita þeir eftir stuðningi til að efla andlega líðan, styrkja sjálfstraust og sjálfsöryggi, auka seiglu og átta sig betur á eigin styrkleikum. Jafnframt er unnið að því að draga úr þeim hindrunum sem geta haft áhrif á námsframvindu eða komið í veg fyrir að nemendur nái markmiðum sínum.

Viðtalstímar eru að jafnaði um 50 mínútur en geta verið breytilegir eftir eðli máls og þörfum hvers nemanda.




Sprellað á uppbrotsdegi á vorönn.

9.3 Lykiltölur


Á skólaárinu 2025-2026 bárust félagsráðgjafa beiðnir vegna 146 nemenda. Flestar beiðnir komu frá nemendum sjálfum, alls 65 talsins. Þá bárust 25 beiðnir frá náms- og starfsráðgjöfum skólans, 14 frá foreldrum og 8 í kjölfar funda skólaráðs. Aðrar tilvísanir bárust meðal annars frá tómstundafulltrúa skólans (5), kennurum (3), kennurum starfsbrautar (5), starfsbrautarstjóra (3), kerfisstjóra (2), forvarnar- og meðferðarteymi barna hjá HSS (2), félagsþjónustu Reykjanesbæjar (2), skólaritara (1) og öðrum (2). Auk þess voru 9 mál sem félagsráðgjafi fylgdi áfram eftir í kjölfar fyrri viðtala.

Kynjaskipting þeirra nemenda sem leituðu til félagsráðgjafa var þannig að 54% voru stúlkur og 46% drengir. Hlutfall drengja hækkaði lítillega milli ára en hlutfall stúlkna lækkaði að sama skapi. Flestar beiðnir bárust vegna nemenda fæddra árin 2009 og 2008, eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1. *Aldursdreifing nemenda sem beiðnir bárust fyrir*

Flestar beiðnir um viðtöl bárust á haustönn 2025, líkt og sjá má á mynd 2. Í kjölfar beiðna var nemendum boðið í viðtal eins fljótt og unnt var og var leitast við að halda biðtíma í lágmarki. Í flestum tilvikum fengu nemendur viðtal innan nokkurra daga frá því að beiðni barst. Af þeim 146 beiðnum sem bárust mættu fimm nemendur ekki í boðað viðtal, tveir drógu beiðni sína til baka og ekki náðist samband við fjóra nemendur. Alls komu því 135 nemendur í viðtal hjá félagsráðgjafa á skólaárinu.



Mynd 2. *Fjöldi viðtalsbeiðna eftir mánuði*

Fjöldi viðtala við hvern nemanda var breytilegur og fór eftir eðli og umfangi hvers máls. Sumir nemendur komu í eitt viðtal en aðrir í allt að 21 viðtal. Meðalfjöldi viðtala var 3,57 á hvern nemanda. Ekki er fyrirfram ákveðið hámark á fjölda viðtala heldur er þjónustan miðuð að þörfum hvers nemanda og þeirri ráðgjöf og eftirfylgni sem talin er nauðsynleg hverju sinni.

Í þessum tölum eru ekki taldir þeir nemendur sem komu óformlega við hjá félagsráðgjafa til að spjalla eða láta vita hvernig þeim gengi. Margir þeirra höfðu áður verið í viðtölum hjá félagsráðgjafa og komu reglulega við til að segja frá jákvæðum áföngum í lífi sínu, svo sem bættu andlegu ástandi, ökuprófi eða umsóknum í háskóla. Slík samskipti gefa mikilvæga vísbendingu um traust og tengsl nemenda við þjónustuna. Einnig eru ekki talin með þau tilfelli þar sem félagsráðgjafi kom að fundum og viðtölum með öðru starfsfólki vegna einstakra mála sem komu upp yfir skólaárið. Þá eru heldur ekki meðtalin þau viðtöl sem félagsráðgjafi tók við nemendur í tengslum við störf eineltisteymis skólans.

Umfang og eðli viðtalanna var fjölbreytt og tók mið af ólíkum þörfum nemenda. Í sumum tilvikum nægðu einstaklingsviðtöl og stuðningur innan skólans en í öðrum málum var þörf á frekari eftirfylgni eða tilvísun í sérhæfðari úrræði innan eða utan skólans.

Mikilvægt er að undirstrika að þjónusta félagsráðgjafa felur ekki í sér meðferð heldur stuðning, ráðgjöf og aðstoð við að tengja nemendur við viðeigandi úrræði þegar þess gerist þörf. Slík þjónusta getur haft veruleg áhrif á líðan, skólasókn og úthald nemenda í námi. Þetta á ekki síst við um þá nemendur sem bíða eftir að komast í frekari þjónustu og þurfa stuðning á meðan biðtími stendur yfir.

Ástæður þess að nemendur leituðu til félagsráðgjafa voru fjölbreyttar og þjónustuþörf þeirra mismunandi. Til að meta líðan og stöðu nemenda var í ákveðnum tilvikum stuðst við ýmsa sjálfsmatslista og skimunartæki meðal annars DASS, PHQ-9, GAD-7 og ACEs-skimun. Slík tæki geta verið gagnleg til að greina mögulegan undirliggjandi vanda og leggja mat á hvort þörf sé á frekari stuðningi eða tilvísun í önnur úrræði. Þau voru þó ekki notuð í öllum málum heldur metið hverju sinni út frá aðstæðum, umfangi máls og þörfum hvers nemanda.




Keppt í bekkpressu í undankeppni Starfshlaupsins.

Við flokkun á meginástæðum viðtala var stuðst við mat nemenda sjálfra ásamt faglegu mati félagsráðgjafa. Ástæður viðtala voru flokkaðar í fjóra meginþætti, þó mikilvægt sé að hafa í huga að í mörgum tilvikum skarast þessir flokkar þar sem aðstæður nemenda eru oft flóknar og fjölþættar.

1. Depurð/vanlíðan
2. Kvíði
3. Félagslegir þættir m.a.
    - Veikt stuðningsnet
    - Erfiðar fjölskylduaðstæður
    - Séraðstæður nemenda úr Grindavík
    - Einmanaleiki
4. Annað
    - Brotin eða veik sjálfsmynd
    - Óunnin mál tengd fortíð s.s. áföll, missir og einelti
    - Samskiptaerfiðleikar og skortur á seiglu
    - Óvissa um framtíð eða skortur á stefnu
    - Tilfallandi aðstæður sem höfðu áhrif á líðan og daglegt líf, svo sem veikindi, ástarsorg, fjárhags- eða svefnvandi

Við greiningu á meginástæðum viðtala kom fram að í 12% tilvika tengdust þau fyrst og fremst depurð eða vanlíðan. Í 28% tilvika var kvíði helsta ástæða komu en félagslegir þættir lágu að baki í 20% mála. Í 40% tilvika féllu ástæður viðtala undir aðra eða fjölþætta erfiðleika.



Mynd 3. *Yfirlit yfir helstu ástæður fyrir komu til félagsráðgjafa*

Þörfum flestra nemenda var mætt með stuðningi og reglulegum viðtölum hjá félagsráðgjafa. Í um 26% mála reyndist þó þörf á frekari eða sérhæfðari þjónustu, annað hvort samhliða viðtölum eða í framhaldi af þeim. Alls var 13% nemenda vísað í sálfræðiþjónustu hjá HSS og í 13% tilvika var þörf á aðkomu annarra sérfræðinga eða þjónustuaðila, meðal annars innan félagsþjónustu sveitarfélaga, heilsugæslu, UNGVIRK eða fjölskylduráðgjafar.

Líkt og vorið áður var ákveðið að bjóða nemendum í 10. bekk á Suðurnesjum, sem stefna á nám við skólann næsta skólaár og glíma við tilfinningalegar áskoranir á borð við kvíða, að koma í viðtal til félagsráðgjafa skólans. Markmið viðtalanna var annars vegar að ræða líðan og væntingar nemenda og hins vegar að mynda tengsl áður en skólaganga hefst. Fyrir marga getur það verið stórt skref að hefja nám í nýju skólaumhverfi með nýju starfsfólki og samnemendum og því mikilvægt að skapa öryggi og stuðning strax frá upphafi.

Þann 4. maí var upplýsingapóstur sendur á alla grunnskóla á Suðurnesjum þar sem þjónustan og úrræðið voru kynnt. Af þeim 10 skólum sem pósturinn barst til nýttu nemendur í 5 skólum sér þjónustuna. Alls bárust 10 beiðnir frá foreldrum um viðtal fyrir barn sitt auk þess sem tveir starfsmenn skóla óskuðu eftir viðtölum fyrir 4 nemendur sína við upphaf haustannar.

9.4 Önnur verkefni félagsráðgjafa og endurmenntun

Á skólaárinu sinnti félagsráðgjafi fjölbreyttum verkefnum samhliða einstaklingsráðgjöf og viðtölum við nemendur. Verkefnin tengdust meðal annars samstarfi við aðra fagaðila, þróun þjónustu innan skólans og þátttöku í fræðslu og endurmenntun.

Félagsráðgjafi sat í framkvæmdahópi farsældarráðs Suðurnesja fyrir hönd skólans. Hlutverk hópsins er að efla samstarf milli stofnana og stuðla að samræmdum vinnubrögðum í málefnum barna og ungmenna í anda farsældarlaga. Á skólaárinu fólst þátttakan meðal annars í reglulegum fundum, undirbúningi verkefna og þátttöku í málþingum og samráðsvinnu.

Félagsráðgjafi sat einnig í eineltisteymi skólans og sinnti málum sem bárust teyminu á skólaárinu. Það fólst meðal annars í viðtölum við nemendur, úrvinnslu mála og samstarfi við annað starfsfólk teymisins með það að markmiði að stuðla að öryggi, bættri líðan og jákvæðum samskiptum innan skólans.

Þá tók félagsráðgjafi þátt í starfsdegi tengiliða hjá Suðurnesjabæ þar sem áhersla var lögð á fræðslu, samvinnu og miðlun reynslu tengdri hlutverki tengiliða og innleiðingu farsældarlaga. Á skólaárinu vann félagsráðgjafi að endurbótum á heimasíðu skólans með það að markmiði að bæta upplýsingar um farsæld barna, hlutverk tengiliða og þau úrræði sem standa nemendum og foreldrum til boða. Áhersla var lögð á að gera upplýsingarnar aðgengilegri og skýrari fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Samhliða því vann félagsráðgjafi að mótun verklags og áætlunar fyrir tengiliðastarf innan skólans.

Félagsráðgjafi sótti jafnframt fjölbreytt námskeið og fræðslu til að efla faglega þekkingu sína og styrkja sig í starfi. Þar má meðal annars nefna átta vikna ACT-námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands þar sem áhersla var lögð á aðferðir sem nýtast í stuðningi við líðan, seiglu og bjargráð nemenda. Einnig hlýddi félagsráðgjafi á vinnufund á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins undir yfirskriftinni „Saman tryggjum við öryggi barna“, þar sem fjallað var um samræmd viðbrögð við ofbeldi meðal barna og mikilvægi þverfaglegs samstarfs í slíkum málum. Þann 20. nóvember 2025 sótti félagsráðgjafi málþing farsældar um stöðu barna á Suðurnesjum þar sem fjallað var um líðan barna og ungmenna, áskoranir í nærumhverfi þeirra og mikilvægi snemmtæks stuðnings. Þann 27. maí var félagsráðgjafi borðstjóri og einn af skipuleggjendum Farsældarþings Suðurnesja þar sem lögð var áhersla á að styrkja samstarf milli þjónustukerfa sem sinna börnum og fjölskyldum. Markmið þingsins var að greina áskoranir í þjónustukeðjunni og þróa lausnir sem stuðla að aukinn farsæld barna á Suðurnesjum.

Á skólaárinu setti félagsráðgjafi sex mál í samþættingu fyrsta stigs þjónustu og sinnti eftirfylgni með þeim áætlunum sem unnar voru í hverju máli. Þá bárust einnig þrjú mál sem féllu undir annað stig þjónustu, þar sem félagsráðgjafi kom að málum í hlutverki tengiliðs. Auk þess fylgdi hann áfram eftir fjórum málum frá fyrra skólaári. Samstarf við fagaðila utan skólans var áfram gott og mikilvægt í vinnu með nemendum. Áhersla var lögð á samræmda heildstæða nálgun þar sem ólíkir aðilar unnu saman að því að styðja við þarfir nemenda með það að markmiði að efla námsframvindu, félagslega aðlögun og almenna vellíðan þeirra.

Foreldrum og forráðamönnum bauðst einnig ráðgjöf í tengslum við líðan og hagsmuni nemenda. Alls óskuðu fimmtán foreldrar eða forráðamenn eftir ráðgjöf eða viðtali og fengu þeir á bilinu eitt til þrjú viðtöl. Markmið foreldraráðgjafarinnar var að styðja foreldra í hlutverki sínu og efla samstarf heimilis og skóla. Í sumum tilvikum fólst ráðgjöfin í hagnýtum leiðbeiningum og stuðningi, en í öðrum var vísað áfram í frekari úrræði eða haft samráð við aðra sérfræðinga eftir því sem við átti.

9.5 Samantekt

Á skólaárinu 2025 - 2026 hélt þjónusta félagsráðgjafa áfram að þróast og festa sig í sessi sem hluti af stuðningskerfi skólans. Umfang verkefna, fjöldi viðtala og aukin þátttaka í samstarfi innan og utan skólans endurspegla þá þörf sem er til staðar fyrir aðgengilega og heildræna þjónustu við nemendur. Umfang og ábyrgð þjónustunnar jókst jafnframt á skólaárinu, bæði með auknu starfshlutfalli og víðtækari þátttöku félagsráðgjafa í samstarfsverkefnum, tengiliðastarfi og samþættingu mála í þágu nemenda. Jafnframt hefur þjónustan orðið sýnilegri meðal nemenda, foreldra og starfsfólks, þó áfram sé mikilvægt að vinna markvisst að auknu aðgengi og vitund um hlutverk hennar.

Reynsla skólaársins sýnir að snemmtækur stuðningur, sýnileg þjónusta og traust tengsl geta haft veruleg áhrif á líðan, námsframvindu og úthald nemenda í námi. Fyrir marga nemendur getur það skipt sköpum að hafa öruggan aðila innan skólans til að leita til þegar álag, vanlíðan eða aðrar áskoranir hafa áhrif á daglegt líf. Mál nemenda eru oft fjölþætt og kalla á heildræna nálgun þar sem hugað er að einstaklingnum í samhengi við umhverfi hans, tengsl og þær aðstæður sem hafa áhrif á velferð hans og framtíðarmöguleika. Reynslan undirstrikar jafnframt mikilvægi samfelldrar og samræmdrar þjónustu milli kerfa, sérstaklega í málum þar sem margir aðilar koma að stuðningi við nemendur og fjölskyldur þeirra. Skýr verkaskipting, samfella í þjónustu og markviss samvinna geta þar skipt verulegu máli fyrir líðan og farsæld nemenda.

Félagsráðgjöf innan skólans er hluti af þeirri heildrænu stoðþjónustu sem miðar að snemmtækum stuðningi og aukinni farsæld nemenda. Markmið þjónustunnar er ekki eingöngu að styðja nemendur í gegnum tímabundnar áskoranir heldur einnig að efla seiglu þeirra, sjálfstraust og trú á eigin getu til framtíðar. Með áframhaldandi þróun þjónustunnar og auknu samstarfi innan og utan skólans og markvissri samvinnu milli fagaðila er stefnt að því að styrkja enn frekar stuðning við nemendur og fjölskyldur þeirra.

Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir félagsráðgjafi tók saman.

10 Skýrsla alþjóðafulltrúa

10.1 Inngangur

Skólinn tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi og hefur það aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Skólinn sótti um aðild að Erasmus+ áætluninni haustið 2022 og fékk samþykkta aðild bæði í almennum skólahluta, þ.e. leik-, grunn- og framhaldsskólastig, og starfsmenntahluta vorið 2023. Aðild að Erasmus+ áætluninni felur í sér samkomulag milli skólans og Landsskrifstofu Erasmus+ sem tryggir skólanum fjármagn til evrópsks samstarfs árin 2023-2027.

Að auki hefur skólinn tekið þátt í samstarfsverkefnum sem fjármögnuð eru af Nordplus. Nordplus er samstarfs- og styrkjaáætlun fyrir menntun á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

10.2 Haustönn

Í júlí fóru Ólöf Hildur Egilsdóttir og Kristjana Hrönn Árnadóttir enskukennarar til Flórens á Ítalíu þar sem þær tóku þátt í námskeiðinu AI for CLIL: Lesson Plans, Resources and Assessment Tools en það var haldið á vegum Europass Teacher Academy dagana 7.-12. júlí.

Þann 26. september komu fimm kennarar frá Ítalíu í heimsókn til okkar. Rita Vitaliti, Sebastiana Valentina Scavone, Rosaria Rapisarda, Michele Gerardo Musumeci og Beatrice Ines Astrid Antichi eyddu deginum í FS, fengu fræðslu um skólann og íslenskt skólakerfi og fengu að skoða aðstöðuna.

Vikuna 6.-10. október komu Ville Salminen, Arto Nurmi og Vesa Ketola, kennarar frá Winnova í Finnlandi í heimsókn. Þeir voru hér til að heimsækja rafvirkjadeildina og húsasmíðadeild en kennarar frá okkur heimsóttu Winnova á síðasta skólaári. Þeir sóttu kennslustundir, heimsóttu fyrirtæki og fræddust um hvernig starfsnámi iðnnema er háttað.

Þann 5.-11. október fór hópur nemenda til Kaupmannahafnar til að taka þátt í Nordplus verkefni. Verkefnið kallast Technological Solutions for the Future og er samstarf skóla frá Litháen, Svíþjóð og Danmörku auk okkar. Í ferðina fóru sex nemendur en það voru þau Adam Sami Naili, Aron Ingi Vilbergsson, Ísafold Lilja Bjarkadóttir, Margrét Ösp Árnadóttir, Plútó Ragnars (Álfrún Ragnarsdóttir) og Theodór Elmar Jónatansson sem fóru í fylgd Hilmis Arons Kárasonar, kennara í tölvuleikjagerð.

Sjö nemendur í þýsku fóru ásamt Vesku Andreu Jónsdóttur, þýskukennara, til Berlínar dagana 16.-19. október. Fuquiang Ye, Júlía Mist Guðjónsdóttir, Kara Mjöll Sveinsdóttir, Nökkvi Steinn Magnason, Snorri Rafn William Daviðsson, Viktoria Cristina Vitorsdóttir og Þórdís Eik Adolfsdóttir heimsóttu Leibniz-Gymnasium, skoðuðu söfn, leystu verkefni og æfðu sig í þýsku.

Petra Sillanpää, Reino Kärkkäinen, íþróttakennarar, og Roope Honkala, pípulagnakennari frá Omnia í Finnlandi komu í október ásamt nemendum sínum, Andrei Teittinen og Martin Sommer. Kennararnir voru hér í starfsspeglun en Andrei og Martin voru hér sem eins konar skiptinemar og mættu í kennslustundir auk þess að æfa með íþróttafélögum hér í bæ.

Dagana 3.-7. nóvember komu Aliona Dabrinskiené og Aušra Čepanoné, kennarar við VESK - Verslo ir Svetingumo Profesinės Karjeros Centras í Vilníus í Litháhen, í starfsspeglun í enskudeildinni en þær fengu einnig að koma inn sem gestakennarar í nokkrar kennslustundir. Þessa sömu viku kom Manuel Hautch, kennari frá Fachoberschule í Holzkirchen í Þýskalandi í starfsspeglun. Hann mætti í kennslustundir í ensku- og viðskiptadeildum auk þess að funda með kennurum í verknámi til að fræðast um starfsnám iðnnema.

Tvær stúlkur frá Frakklandi komu til okkar þann 8. nóvember. Yaëlle Magnan og Line Fontaine-Fourreau voru hér í þrjár vikur og mættu í kennslustundir samkvæmt sérsniðinni stundatöflu. Þær gistu á heimilum nemenda skólans en það voru þær Liwia Brach og Ragnhildur Magnúsdóttir og fjölskyldur þeirra sem tóku á móti gestunum og leyfðu þeim að búa hjá sér.

Dagana 10.-14. nóvember fengum við heimsókn frá Spáni. Það voru þau Andrés Allegue López og Verónica Escarabajal García en þau komu hingað í starfsspeglun í tungumáladeildum og náttúrufræðigreinum. Þau eru kennarar við IES Rey Carlos III í Águilas á Spánni.



Nemendur í hárgreiðslu fóru til Barcelona á Spáni.

10.3 Vorönn

Dagana 19.-21. janúar komu þær Iva Bojčić og Kristinka Lemaić í starfsspeglun. Þær kenna báðar við Industrijska Strojarska Škola í Zagreb í Króatíu. Þær heimsóttu bæði íslenskudeild og ýmsar deildir í verknámi. Að auki hittu þær brautarstjóra starfsbrautar og fræddust um skóla án aðgreiningar.

Vikuna 16.-20. febrúar komu Alexandra Berbain og Gaëlle Jean frá Frakklandi í starfsspeglun. Þær voru hér til að heimsækja starfsbrautina og deild íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna. Þær eru skólastjórnendur við Collège Pythéas og Collège Voltaire í Marseille.

Vikuna 2.-7. mars var margt að gerast í erlendum samskiptum. Guðmundur Grétar Karlsson, kennari við FS, sótti námskeiðið Conflict Management for School Staff. Námskeiðið var haldið í Flórens á Ítalíu á vegum Europass Teacher Academy. Þá komu Edyta Monika Borysewicz Jarema og Ángela Lentisco Llamas í starfsspeglun. Þær eru kennarar við IES Eduardo Linares í Murcia á Spáni. Þær fylgdust með kennslu í tungumálum, listgreinum, og stærðfræði.

Þessa sömu viku fóru 10 nemendur ásamt tveimur kennurum til Svíþjóðar en heimsóknin var síðasti liðurinn í Nordplus samstarfsverkefninu. Rósa Guðmundsdóttir og Anna Taylor, kennarar við skólann, fylgdu nemendum. Það voru Adam Sami Naili, Aleksander Klak, Ari Marques Valsson, Árni Þór Pálmason, Ísafold Lilja Bjarkadóttir, Kristófer Máni Halldórsson, Margrét Ösp Árnadóttir, Nana Adwoa Afriyie Somuah, Ólafía Sóley Gylfadóttir og Theodór Elmar Jónatansson sem fóru í þetta sinnið.

Þann 8. mars héldu Guðlaug Þóra Sveinsdóttir og Kristrún Elfa Jónsdóttir til Silkeborg í Danmörku þar sem þær dvöldu í rúmar tvær vikur. Guðlaug og Kristrún eru nemendur á sjúkraliðabraut en þær fóru til Danmerkur í vinnustaðanám. Vinnustaðanámið fór fram á Kragelund Plejecenter.

Dagana 10.-13. mars fór Kristjana Hrönn Árnadóttir, alþjóðafulltrúi, til Ungverjalands. Þar sótti hún ráðstefnu sem skipulögð var í einum af samstarfsskólum okkar, Andrássy György Katolikus Közgazdasági Technikum, sem staðsettur er í Eger. Á ráðstefnunni var aðalumfjöllunarefnið hvernig mætti gera Erasmus+ ferðir nemenda markvissari og auka gæði.

Þann 24.-26. mars komu til okkar gestir frá Austurríki. Þau Marco Irrenfried og Isabell Rainer kenna við Schulverbund Winklern, Nationalparkschulen. Þau voru í starfsspeglun hjá enskudeild og stærðfræðideild.

Þann 15. apríl kom í heimsókn tíu manna hópur frá Hollandi. Þetta voru kennarar sem komu á vegum ferðaskrifstofu til að skoða nokkra íslenska skóla. Hópurinn fékk fræðslu um íslenskt skólakerfi og starfssemi skólans. Brautarstjóri starfsbrautar sagði frá starfssemi brautarinnar og náms- og starfsráðgjafar skólans komu og sátu fyrir svörum um störf þeirra. Að auki fékk hópurinn fræðslu á störfum verkefnastjóra með erlendum nemendum.

Dagana 20.-21. apríl komu tveir skólastjórnendur frá Spáni í starfsspeglun. Amparo Montesinos Senabre og Maria Desamparados komu til að fylgjast með kennslustundum í ensku, þýsku og tölvuleikjagerð.

Vikuna 12.-19. apríl fóru nemendur af iðnbrautum í ferðalag til Córdoba á Spáni. Ásta María Arnardóttir, Kristinn Arnar Ólafsson, Rebekka Rós Magnadóttir, Rúnar Máni Svansson, Emelía Guðrún Jóhannesdóttir, Birta Rós Vilbertsdóttir, Alexander Grétar Grétarsson og Alex Grétar Magnússon, nemendur á rafvirkja- og húsasmíðabrautum fóru í fylgd með kennurum sínum, Bjarka og Davíð Ásgeirssonum. Þau heimsóttu iðnskóla þar í borg auk þess að fá að skoða verkstæði og fyrirtæki. Að auki tóku þau þátt í ýmsum menningartengdum viðburðum. Vikuna 26. apríl til 2. maí kom 11 manna hópur í heimsókn. Þetta voru níu nemendur og tveir kennarar frá Andrássy György Katolikus Közgazdasági Technikum í Eger, Ungverjalandi. Attila Eczet, Kristóf Holló, Péter Nemesi, Nóra Balog, Adrienn Rakusz, Zsoófia Kovác, Adél Majoros, Csilla Hajdu, Bernát Sashalmi eru nemendur á aldrinum 15 til 17 ára. Þau komu hingað í fylgd með kennurum sínum, Gréta Béres og Ágnes Dancsok. Átta nemendur FS tóku á móti ungversku gestunum. Þau Rannveig Jónsdóttir, Íris Björt Halldórsdóttir, Ólafur Pétur Þórjónsson, Hallveig Sigríður Árnadóttir, Rita Obono, Elías Ármann Gunnarsson, Egill Bergþór Brynjarsson og Salvar Gauti Freyr Stefánsson og fjölskyldur þeirra opnuðu heimili sín fyrir gestunum. Vikan fór í ýmsar vinnustofur tengdar inngildingu, sjálfsvitund og lýðræði auk þess sem þau heimsóttu Þjóðminjasafnið og Perluna og fóru Gullna hringinn. Það voru Kristjana Hrönn Árnadóttir, alþjóðafulltrúi, og Lilja Dögg Friðriksdóttir, íslenskukennari, sem höfðu yfirumsjón með heimsókninni. Áætlað er að hópurinn endurgjaldi heimsóknina á næsta skólaári.

Vikuna 3.-9. maí fóru hárgreiðslunemendur til Barcelona á Spáni. Aðalheidur María Gabríelsdóttir, Guðlaug Emma Erlingsdóttir, Hólmfridur Eyja Jónsdóttir, Natalía Freyja Gunnarsdóttir, Ólafia Sóley Gylfadóttir, Ragnheiður Inga Hjaltadóttir, Sigrún Heiða Guðmundsdóttir og Valgerður Amelía Reynaldsdóttir sóttu námskeið hjá Barcelona Hair Academy. Ásdís Björk Pálmadóttir, brautarstjóri hárgreiðslubrautar, og Íris Jónsdóttir, fagstjóri í listgreinum, fylgdu nemendum til Spánar.

Síðasta heimsókn skólaársins var þann 12. maí en þá kom blandaður hópur kennara frá Finnlandi og Hollandi í heimsókn í skólann. Það var Páll Valur Björnsson, umsjónarmaður grunnnáms hjá Fisktækniskólanum, sem stóð að heimsókninni. Hópurinn fékk fræðslu um skólakerfið og starfssemi skólans og fékk svo að skoða aðstöðuna.

Í maí lögðu þrír kennarar land undir fót og héldu til Zagreb í Króatíu. Þeir Davíð Ásgeirsson, Þorsteinn Ingi Hjálmarsson og Garðar Þór Garðarsson fóru í heimsókn til Industrijska Strojarska Škola þar sem þeir kynnast króatísku skólakerfi og verknámi.

10.4 Verkefni framundan

Í sumar munu kennarar skólans nýta sér ýmis tækifæri til endurmenntunar. Að minnsta kosti fimm starfsmenn eru skráðir á ýmis námskeið auk þess sem þrír kennarar munu fara til Þýskalands í starfsspeglun í júní.

Kristjana Hrönn Árnadóttir alþjóðafulltrúi tók saman.



Nemendur á rafvirkja- og húsasmíðabrautum voru í viku í Córdoba á Spáni.

11 Skýrsla matsnefndar

11.1 Inngangur

Skólaárið 2025 - 2026 skipuðu fimm kennarar matsnefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það voru þau Inga Lilja Eiríksdóttir, Garðar Þór Garðarsson, Hulda Egilsdóttir, Íris Lind Björnsdóttir og Margrét Alda Sigurvinsdóttir ásamt Guðlaugu Pálsdóttur aðstoðarskólameistara. Hópurinn hittist með reglulegu millibili yfir skólaárið en unnið er samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður árlega. Sumir matsþættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á vef skólans.

Helstu verkefni matsnefndar á haustönn 2025

- Kennslumat þar sem kennsla í áföngum átján kennara var metin
- Valfrjáls miðannarkönnun á kennslu í áföngum
- Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út

Helstu verkefni matsnefndar á vorönn 2026

- Kennslumat þar sem kennsla í áföngum átján kennara var metin
- Könnun um mötuneyti meðal nemenda og kennara
- Könnun á viðhorfum foreldra og forráðamanna til skólastarfs Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Innleiðing BRAVO Lesson og vinna með ný gæðaviðmið
- Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út

11.2 Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum

Farið er yfir einkunnadreifingu og brotthvarf í áföngum hverrar annar með kennurum á fundum og niðurstöður ræddar. Þessi rýni miðar að því að meta hvar betur megi fara í einstökum áföngum og hvernig bregðast þurfi við með t.d. breyttu skipulagi kennslu og námsmati og/eða endurnýjum námsefnis eftir atvikum.

11.3 Kennslumat

Reglulegt kennslumat var lagt fyrir á haustönn 2025 og vorönn 2026. Kennslumatið var lagt fyrir rafrænt í gegnum INNU og að þessu sinni var matið lagt fyrir alla hópa átján kennara á haustönn og vorönn. Þeir kennarar eru síðan boðaðir í starfsmannaviðtöl þar sem niðurstöður kennslumats eru lagðar til grundvallar. Niðurstöður kennslumatsins voru yfir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér í stefnumiðaðri áætlun. Svarhlutfallið í kennslumati var 86,4% á haustönn og 81,5% á vorönn. Kennslumatinu var fylgt markvisst eftir á meðan á fyrirlagningu þess stóð og fóru fulltrúar úr matsnefnd inn í kennslustofur til að fylgja matinu eftir í hverjum áfanga. Helstu niðurstöður má sjá í töflu 1.

	Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja haustönn 2025 og vorönn 2026	H2025	V2026	Viðmið
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,19	4,31	
2	Kennarinn er stundvís	4,45	4,31	
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,45	4,47	
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,46	4,45	
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,46	4,44	
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,45	4,43	
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,24	4,32	
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,13	4,27	
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	4,22	4,29	
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,34	4,34	
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4,28	4,24	
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,35	4,36	
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,12	4,28	**3,8**
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,1	4,27	**3,8**
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum	4,01	4,12	
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,46	4,45	
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,3	4,36	**4,25**
	Meðaltal allra spurninga	**4,31**	**4,29**	

Tafla 1 sýnir spurningalista kennslumatsins og heildarmat nemenda við hverri þeirra.

11.4 Miðannarkönnun

Á haustönn 2025 bauð matsnefnd öllum kennurum að leggja miðannarkönnun fyrir nemendur sína þar sem lagðar voru fyrir þá tvær spurningar:

1. Hvað telur þú að hafi heppnast vel í þessum áfanga. Nefndu eitt eða fleiri atriði.
2. Hvað telur þú að megi bæta í þessum áfanga. Nefndu eitt eða fleiri atriði.

Vinsamlegast svaraðu af kurteisi; óviðeigandi og ómálefnaleg svör verða ekki tekin til greina.

Alls tóku nítján kennarar þátt í könnuninni. Könnunin tókst vel og voru bæði kennarar og nemendur sem tóku þátt í könnuninni sérstaklega ánægð með könnunina og það tækifæri að bregðast við endurgjöf á önninni og/eða halda áfram með það sem gengur vel.

11.5 Könnun um mötuneyti

Í lok febrúar 2026 var gerð könnun um mötuneyti skólans meðal nemenda og starfsfólks. Almennt voru nemendur ánægðir með gæði matarins og þjónustuna. Í könnun starfsmanna var einnig almenn ánægja með gæði matarins, þjónustu sem og úrval í mötuneyti. Einnig var boðið upp á opin textasvör fyrir þá sem vildu. Í svörum nemenda vildu þeir helst fá gosdrykki og orkudrykki í mötuneytið en það samræmist ekki markmiðum Heilsueflandi framhaldskóla sem skólinn tekur þátt í. Hjá starfsmönnum var hrósað fyrir góðan mat og góða þjónustu. Einnig voru óskir um að minnka unna matvöru í hádegismat.

Voru niðurstöður kynntar umsjónarmanni mötuneytis og stjórnendum.

11.6 Könnun á viðhorfum foreldra og forráðamanna til skólastarfs

Könnun á viðhorfum foreldra og forráðamanna til skólastarfs í Fjölbrautaskóla Suðurnesja var lögð fyrir í Innu í mars 2026. Markmið hennar var að afla upplýsinga um ýmsa þætti skólastarfsins og samskipti foreldra og skóla. Foreldrar og forráðamenn voru hvattir til þátttöku með tölvupósti þar sem lögð var áhersla á mikilvægi góðra samskipta milli heimilis og skóla.

Alls bárust svör frá 82 foreldrum og forráðamönnum. Niðurstöðurnar voru að mörgu leyti jákvæðar. Allir svarendur höfðu skoðað heimasíðu skólans og 94% höfðu nýtt sér upplýsingar sem þar er að finna. Þá höfðu 95% skoðað miðannarmat áfanga í Innu. Um 80% töldu barni sínu líða mjög vel eða vel í skólanum og 85% töldu það mæta mjög vel eða vel. Þá sögðust 90% þekkja matsreglur skólans mjög vel eða vel og 90% töldu þær vera nemendum aðgengilegar að miklu eða mjög miklu leyti.

Niðurstöðurnar benda jafnframt á nokkur tækifæri til umbóta. Rúmur helmingur svarenda, 52%, hafði mætt á foreldrafund í skólanum. Þótt 77% vissu hver umsjónarkennari barns þeirra væri höfðu 61% aldrei haft samband við umsjónarkennarann. Um 68% töldu umsjónarkerfið veita barni sínu mikinn eða mjög mikinn stuðning en um þriðjungur taldi stuðninginn lítinn eða mjög lítinn. Þessar niðurstöður geta nýst við áframhaldandi þróun samskipta við foreldra og forráðamenn og við mat á því hvernig efla megi tengsl heimila, umsjónarkennara og skóla.

11.7 Innleiðing BRAVOLesson og vinna með ný gæðaviðmið

Á skólaárinu var BRAVOLesson, gæðakerfi frá BravoEarth, tekið í notkun við innra mat skólans. Kerfið styður við skipulagt gæðastarf og gerir skólanum kleift að halda utan um mat á starfseminni, greina styrkleika og tækifæri til umbóta og fylgja umbótaaðgerðum eftir á einum stað. Við innleiðinguna var jafnframt hafin vinna með ný gæðaviðmið fyrir framhaldsskóla, sem mynda grunn að innra og ytra mati skólastarfs.

Sem hluti af innleiðingunni voru valdir nokkrir kaflar gæðaviðmiðanna til mats. Matið fór fram í hópum þar sem stjórnendur, kennarar og náms- og starfsráðgjafar tóku þátt. Með því að fá sjónarmið ólíkra starfshópa innan skólans var leitast við að skapa breiðari sýn á stöðu skólastarfsins og efla faglegt samtal um gæði þess.

Niðurstöður matsins sýndu marga styrkleika. Sérstaklega kom fram jákvætt viðhorf til samstarfs og starfsþróunar kennara, virkt jafningjasamstarf og vilji til að miðla þekkingu og þróa kennsluhætti. Einnig var starfsandi almennt metinn góður, samskipti jákvæð og stjórnendur taldir aðgengilegir. Jafnframt komu fram atriði sem gefa tilefni til áframhaldandi umbótastarfs. Þar má nefna þörf fyrir skýrara upplýsingaflæði og víðtækara samráð um breytingar og stefnumótun, aukna eftirfylgni og skýrari stuðning við kennara vegna nemenda með fjölbreyttar stuðningsþarfir.

Vinnan gaf starfsfólki jafnframt tækifæri til að kynnast nýju gæðaviðmiðunum og BRAVOLesson í framkvæmd. Niðurstöður matsins nýtast til að draga fram það sem vel er gert í starfi skólans, greina þau svið þar sem tækifæri eru til umbóta og leggja grunn að áframhaldandi og markvissu gæðastarfi.

11.8 Stofnun ársins

Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytis í samstarfi við Sameyki. Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 2. sæti í flokki stórra stofnana í könnun Sameykis á stofnun ársins. Skólinn fær því titilinn stofnun ársins 2025. Heildareinkunn skólans var 4,405. Þeir þrír þættir sem skoruðu hæst voru jafnrétti, ánægja og stolt, og sjálfstæði í starfi. Þeir þættir sem skoruðu lægst voru launakjör, sveigjanleiki vinnu og vinnuskilyrði.



Frá afhendingu verðlauna vegna stofnunar ársins í febrúar 2026.

11.9 Lokaorð

Jafnvel þó að margt sé sannarlega jákvætt í skólastarfinu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er mikilvægt að nýta sóknarfærin sem fyrir hendi eru og gera enn betur. Árangursríkt skólastarf, þar sem bæði nemendum og starfsfólki líður vel og leggur sig fram, er eftirsóknarvert bæði fyrir skólasamfélagið og samfélagið í heild. Hlutverk matsnefndar er að vinna að markvissu mati á skólastarfinu, fylgja umbótum eftir og stuðla með þeim hætti að jákvæðum skólabrag og farsæld.

Inga Lilja Eiríksdóttir tók saman.

12 Skýrsla tómstundafulltrúa

12.1 Inngangur

Skólaárið 2025 - 2026 er fyrsta skólaárið þar sem starf tómstundafulltrúa er starfrækt við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Starfið sameinar hlutverk félagslífsfulltrúa og forvarnarfulltrúa undir einum hatti og gegnir Elínborg Ingvarsdóttir stöðunni.

Helsta hlutverk tómstundafulltrúa er að styðja við starf nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja (NFS) og vera tengiliður við stjórnarmeðlimi og nefndir félagsins. Tómstundafulltrúi veitir ráðgjöf við ákvarðanatöku, aðstoðar við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala og hefur milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Fundað er vikulega með aðalstjórn og miðstjórn NFS og veittur stuðningur við skipulagningu viðburða og eflingu félagslífs innan skólans.

Tómstundafulltrúi ber einnig ábyrgð á framkvæmd og utanumhaldi þeirra skólaballa sem haldin eru á vegum NFS. Það felur meðal annars í sér að skipuleggja gæslu kennara, vera í samskiptum við aðra gæsluaðila og vinna í samstarfi við lögregluna á Suðurnesjum sem sinnir eftirliti og sýnileika á viðburðunum.

Forvarnarstarf er jafnframt stór og mikilvægur þáttur í starfi tómstundafulltrúa. Hann grípur inn í þegar nemendur verða uppvísir að ölvun eða annarri áhættuhegðun á skólaviðburðum. Þegar um er að ræða nemendur undir 18 ára aldri er haft samband við foreldra eða forráðamenn sem sækja viðkomandi. Nemendum sem eru orðnir 18 ára eða eldri er vísað af viðburðinum og þeim komið heim með viðeigandi hætti.

Tómstundafulltrúi sinnir einnig almennum forvörnum gegn áfengis- og vímuefnanotkun, kemur að úrlausn ofbeldismála í samstarfi við námsráðgjafa og aðra fagaðila innan skólans og á sæti í Samtakahópi forvarna á Suðurnesjum sem og samráðsvettvanginum Öruggari Suðurnes. Þá hefur tómstundafulltrúi umsjón með eða kemur að fjölbreyttum fræðslu- og forvarnarverkefnum sem ætlað er að efla vellíðan og öryggi nemenda.

12.2 Forvarnir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Forvarnastarf í Fjölbrautaskóla Suðurnesja miðar að því að stuðla að öryggi, vellíðan og jákvæðu skólasamfélagi. Áhersla er lögð á fræðslu, snemmtæka íhlutun og öflugt samstarf við nemendur, foreldra og samstarfsaðila innan og utan skólans.

12.2.1 Rafrettunotkun nemenda

Í daglegu skólastarfi í FS kemur fyrir að nemendur gerast brotlegir vegna rafrettunotkuna. Tómstundafulltrúi hefur reynt að vera sýnilegur á göngum skólans og í Miðgarði þegar tækifæri gefst. Ítrekuð brot nemenda undir 18 ára eru tilkynnt forráðamönnum og rætt er við nemendur sem eru eldri en 18 ára. Almennt hefur lítið borið á ítrekuðum brotum vegna rafrettunotkunar. Þó er mikilvægt að halda áfram vöktun á þessu sviði og hvetja starfsfólk skólans til að vera vakandi fyrir notkun rafrettna innan skólans.

12.2.2 Ofbeldismál

Á skólaárinu hafa komið upp ofbeldismál innan skólans sem tómstundafulltrúi sinnti í nánu samstarfi við námsráðgjafa skólans. Í erfiðari málum var einnig leitað til félagsráðgjafa skólans og unnið þverfaglega að lausnum í þágu þeirra nemenda sem málið varðaði.

12.2.3 Sértæk forvarnarverkefni innan skólans

Sértæk forvarnarverkefni eru mikilvægur þáttur í að efla vitund, vellíðan og samfélagslega ábyrgð nemenda. Með fjölbreyttum verkefnum og fræðslu er leitast við að skapa jákvætt skólaumhverfi og styrkja nemendur í að takast á við áskoranir lífsins.



Sigurliðið í piparkökuhúsaskreytingakeppni nemendafélagsins.

12.2.4 Bleiki og guli dagurinn

Nemendur og starfsfólk tók virkan þátt í Bleika deginum, sem haldinn er til stuðnings við konur með krabbamein. Bleikur október var haldinn 22. október og klæddust margir bleiku og NFS bakaði bleikar vöfflur í tilefni dagins. Nemendur og starfsfólk skólans tóku einnig virkan þátt í Gula deginum í september, sem haldinn er til að minna á forvarnir gegn sjálfsvígum. Mátti sjá marga einstaklinga skreyta sig gulum klæðnaði í tilefni dagsins og Píeta-samstökin voru með fræðslu á sal fyrir alla nemendur í dagskóla.

12.2.5 Dagur gegn einelti og dagur umburðarlyndis

Haldið var upp á Dag gegn einelti og Dag umburðarlyndis í nóvember. Verkefnið var unnið í samstarfi tómstundafulltrúa og fulltrúa skólans sem sinna málum tengd UNESCO. Umræður voru haldnar í tíma, hjörtu voru hengd á kærleikstré sem nemendur föndruðu í samvinnu með starfsmönnum, Guðbjörg bakaði kökur í matreiðslu með nemendum skólans og voru piparkökuskreytingar í boði í matsal skólans. Að lokum voru erindi flutt á sal frá fulltrúum NFS og samsöngur þar sem lagið Það þarf fólk eins og þig var sungið í tilefni daganna.

12.2.6 Íþróttavika Evrópu

Boðið var upp á trúbador og salsakennslu þann 1. október, sem tómstundafulltrúi skipulagði í samstarfi við íþróttakennara skólans. Það var sungið og dansað á sal og var sérstaklega gaman að sjá þátttöku nemenda.



Nemendur tóku virkan þátt í Bleika deginum í október.

12.2.7 Vika 6 og málþing um ofbeldi í nánum samböndum

Tómstundafulltrúi hélt utan um þátttöku FS í viku 6 sem er kynheilbrigðisátak sem haldið er í sjöttu viku hvers árs. Vikan byggir á tilmælum UNESCO um alhliða kynfræðslu og nær yfir andlega, líkamlega, starfræna og félagslega þætti. Nemendafélagið kallaði þessa viku Valentínusarvikuna og voru með skemmtilega fjölbreyttar uppákomur í tilefni vikunnar. NFS hélt skemmtikvöld sem tókst einstaklega vel. Nemendafélagið hélt bingó með alls konar vörum frá Adam og Evu og smokka frá Blush. Sigga Dögg kynfræðingur steig á svið eftir bingóið og svaraði spurningum nemenda á opinskáan og faglegan hátt. Það sem stóð sérstaklega upp úr í umræðunni var mikilvægi samskipta og gagnkvæms skilnings þegar kemur að kynlífi - að tala saman, bera virðingu og taka sameiginlegar ákvarðanir.

Þann 6. febrúar, í tengslum við Viku 6, tóku um 20 nemendur FS þátt í málþingi á vegum Barnaheilla þar sem fjallað var um ofbeldi í nánum samböndum. Um var að ræða mikilvægan vettvang fyrir ungmenni til að taka þátt í umræðu um samfélagslega mikilvæg málefni og láta rödd sína heyrast. Nemendur skólans komu fram í Kastljósi í tengslum við þingið og voru góðar fyrirmyndir fyrir ungmenni á svæðinu. Tómstundafulltrúi skólans gegndi hlutverki tengiliðar FS við ungmennaþingið.

12.2.8 Forvarnir á böllum og öðrum skemmtunum á vegum NFS

Forvarnarstarf tengist mikið skemmtunum og viðburðum sem NFS heldur. Hlutverk tómstundafulltrúa á böllum er að grípa inn í ef nemendur verða uppvísir að ölvun. Haft er samband við heimili nemenda undir 18 ára og þeim komið heim. Nemendum yfir 18 ára er vísað út af böllum og þeim komið heim eftir öðrum leiðum. Tómstundafulltrúi hefur verið í góðu samstarfi við lögregluna á Suðurnesjum með ýmis forvarnartengdmál og hefur lögreglan verið sýnileg á böllum í vetur sem er mjög jákvætt.

12.2.9 Edrúpotturinn

Edrúpotturinn er frábært forvarnarverkefni þar sem við hvetjum ungmenni til að taka þátt í að blása í áfengismæli þegar þau mæta á ball á vegum NFS. Edrúpotturinn er sýnilegur þegar ungmennin ganga inn á ball og er fallega skreyttur með jákvæðum og flottum fulltrúum sem taka vel á móti ungmennunum sem blása. Eftir hvert ball er dregið úr Edrúpottinum þar sem ungmennin geta unnið veglega vinninga styrkta af foreldrafélagi skólans, skólasjóði eða NFS. Í lok skólaársins er svo dregið úr edrúpottinum af þeim sem tóku þátt í að minnsta kosti tvö skipti af þremur böllum. Þá styrkti bæði Reykjanesbær og foreldrafélagið sitt hvoran iPad-inn sem var afhent á útskrift vorannar. Foreldrafélag skólans hefur verið öflugt og stutt vel við bæði nemendafélagið og önnur forvarnarverkefni.

12.2.10 Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og þá er sjónum sérstaklega beint að ungmennum í 9. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla. Í verkefninu ræða nemendur um nýjustu niðurstöður rannsókna á þeirra aldurshóp og hugmyndir sínar um samveru, íþrótta- og tómstundastarf og því að leyfa heilanum að þroskast og hvaða áhrif þessir verndandi þættir hafa á líf þeirra. Þau vinna í hópavinnu og skrá hugmyndir sínar. Að lokum er svörum safnað saman til að finna samnefnara í umræðum þeirra. Þá gefst þeim kostur á að taka þátt í leik þar sem þau vinna með þá þætti sem dregið geta úr áhættuhegðun. Verðlaunin hafa verið afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum síðar á árinu.

Tómstundafulltrúi tók þátt í að skipuleggja forvarnardaginn fyrir nemendur á fyrsta ári. Með forvarnardeginum er verið að koma á framfæri þremur lyklum að góðu lífi eða verndandi þáttum í lífi barna sem rannsóknir hafa sýnt að minnki líkur á notkun áfengis- og vímuefna barna og ungmenna. Umsjónarkennarar fóru yfir efnið í umsjónartíma og stýrðu umræðum með nemendum sínum.

12.2.11 Samtakahópurinn

Tómstundafulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist reglulega yfir skólaárið. Fundirnir eru bæði góðir til þess að mynda tengsl við stjórnendur skóla í Reykjanesbæ, fulltrúa tómstundamiðstöðvarinnar í Reykjanesbæ, barnavernd og lögreglu. Hlutverk Samtakahópsins er að fyrirbyggja og taka á þeim vandamálum sem upp koma hverju sinni til að bæta umhverfi barna og ungmenna í Reykjanesbæ. Hlutverk hópsins er jafnframt að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi úrræði í forvarnarmálum, koma hugmyndum á framfæri við stofnanir og félagasamtök og vera ráðgefandi um stofnun ýmissa meðferðarúrræða.

12.2.12 Öruggari Suðurnes

Tómstundafulltrúi FS á einnig sæti í samstarfshópnum Öruggari Suðurnes sem er svæðisbundinn samráðsvettvangur um forvarnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Suðurnesjum. Í hópnum sitja fulltrúar frá sveitarfélögum og ýmsum stofnunum á svæðinu og er starfi hans stýrt af Lögreglunni á Suðurnesjum.

12.3 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS

Helsta hlutverk tómstundafulltrúa er að styðja við starf nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja (NFS), veita stjórnendum félagsins ráðgjöf við ákvarðanatöku, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala og vera tengiliður milli nemenda og skólastjórnenda. Tómstundafulltrúi fundar reglulega með stjórnendum NFS, annars vegar með aðalstjórn og hins vegar með miðstjórn, að jafnaði einu sinni í viku með hvorum hópi.

Í aðalstjórn NFS sitja sex kjörnir fulltrúar: formaður, varaformaður, gjaldkeri, framkvæmdastjóri, markaðsstjóri og fulltrúi nýnema. Miðstjórn samanstendur af aðalstjórn auk formanna þeirra nefnda sem starfa innan félagsins.

Á skólaárinu störfuðu eftirfarandi nefndir innan NFS: markaðsnefnd, skemmtinefnd, auglýsinga- og skreytinefnd, ritnefnd, málfundafélagið Kormákur, Hnísan og íþróttanefnd. Þá voru tvær nýjar nefndir stofnaðar eða endurvaktar á árinu, Vox Arena og Grillnefndin, sem báðar hafa þegar sett jákvæðan svip á félagslíf skólans.

Nemendafélagið hefur verið afar virkt á skólaárinu og staðið að fjölbreyttum viðburðum, bæði stórum og smáum, sem hafa auðgað félagslíf nemenda. Haldin voru fjölmörg skemmtikvöld á árinu og fóru þau öll vel fram án þess að hafi þurft að afskipti af nemendum. Á skólaárinu voru einnig haldin þrjú skólaböll, eitt á haustönn og tvö á vorönn. Böllin voru vel sótt og fóru fram með skipulögðum og öruggum hætti. Engin alvarleg atvik eða mál komu upp í tengslum við viðburðina.



Kennarar og forsvarsmenn nemendafélagsins fórnuðu sér í rjómakast í góðgerðaviku.

12.3.1 Keppnir og sérstakir viðburðir

Á skólaárinu tóku nemendur FS þátt í fjölbreyttum menningar-, félags- og keppnisviðburðum. Málfundafélagið Kormákur hjá NFS stóð fyrir Morfís skemmtikvöldi sem var haldið 17. september, en þar kepptu bæjarfélögin í ræðukeppni og skapaðist góð stemning meðal nemenda. Síðar á skólaárinu, þann 27. febrúar, tók FS þátt í Morfískeppninni þar sem liðið tapaði með naumindum í keppni sem vakti töluverða umræðu og áhuga meðal nemenda.

Nemendur skólans tóku einnig þátt í Gettu betur keppninni sem haldin var í Efstaleiti í höfuðstöðvum RÚV þann 7. janúar. Nemendafélag FS hélt Hljóðnemann í janúar, sem er undankeppni Söngkeppni framhaldsskólanna. Keppnin fór afar vel fram, þátttaka var góð og fjölmargir nemendur mættu á sal skólans til að styðja við keppendur. Vox Arena sá um framkvæmd viðburðarins og skapaði glæsilega umgjörð utan um keppnina. Guðjón Þorgilsson bar sigur úr býtum í Hljóðnemanum með frábæru atriði og tryggði sér þar með þátttökurétt í Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór 11. apríl. Þar gerði hann sér lítið fyrir og sigraði keppnina, fyrstur nemenda frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja í 37 ára sögu keppninnar. Sigurinn vakti verðskuldaða athygli og kom Guðjón fram í fjölmörgum viðtölum í fjölmiðlum í kjölfarið.

Tveir nemendur frá FS kepptu saman á Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna sem fram fór dagana 14.-15. mars. Sóley Guðjónsdóttir skrifaði handritið og leikstýrði og Kacper Agnar Koslowski tók myndefnið upp og klippti. Alexandra Rós Þorkelsdóttir lék í stuttmyndinni hjá þeim og vann titilinn sem besta leikkonan á hátíðinni. Starfshlaupinu, sem fyrirhugað var 27. mars, þurfti að aflýsa vegna óveðurs þrátt fyrir að undankeppnir hefðu farið fram samkvæmt áætlun. Fyrirliðar Starfshlaupsins stóðu sig vel og var svekkjandi að geta ekki haldið þennan skemmtilega viðburð.

Þemadagar voru haldnir í febrúar og sáu nemendur í stjórn nemendafélagsins um skipulagningu þeirra í gegnum Þemadaganefnd. Skólablaðið Viskustykkið kom út tvisvar á skólaárinu, annars vegar í jólavikunni 26. nóvember og hins vegar 29. apríl samhliða skuggakosningum.

12.3.2 Skemmtikvöld og Böll

Á skólaárinu voru haldin þrjú vel heppnuð böll á vegum nemendafélagsins. Nýnemaballið fór fram 11. september og tókst afar vel. Daginn áður var haldið skemmtikvöld þar sem nýnemum gafst tækifæri til að kynnast betur og taka þátt í félagslífi skólans.

Þemaball með Rap´n´Roll þema var haldið 12. febrúar og vakti mikla lukku meðal nemenda. Í aðdraganda ballsins var haldið fjölbreytt skemmtikvöld þar sem meðal annars var boðið upp á Blush-bingó, uppistand og fræðslu um kynheilbrigði frá Siggu Dögg, auk myndbands og frumflutnings á tónlistarmyndbandi frá Hnísunni.

Árshátíðarballið var síðan haldið 16. apríl við glæsilegar aðstæður. Kvöldið hófst með hátíðlegum kvöldverði þar sem Bruno sá um veitingarnar og á meðan á borðhaldi stóð sýndi Hnísan sérstakt myndband. Ballið markaði vel heppnaðan endi á viðburðaríku skólaári og naut mikilla vinsælda meðal nemenda.

Það var haldið Lazertag á neðri hæð skólans þann 20. janúar. Nemendafélagið bauð nemendum skólans frítt í Lazertag og bauð síðan öllum upp á fría pizzaveislu. Svo skemmtilega vildi til að það var landsleikur í handbolta á sama tíma og var hann sýndur í einni skólastofu og var því hægt að kíkja á leikinn á milli Lazertag leikja. Þegar nemendurnir mættu á staðinn var öllum raðað niður í mismunandi lið og var gaman að sjá hvernig leikurinn tengdi alla nemendur saman.

Edrúpotturinn var í boði á öllum böllum skólaársins og hefur fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í forvarnarstarfi skólans eins og er nefnt hér að ofan. Dregið var úr pottinum eftir hvert ball og gátu þátttakendur unnið veglega vinninga. Verkefnið hefur reynst jákvæð og áhrifarík leið til að efla umræðu um ábyrga hegðun og kynna forvarnarstarf skólans fyrir nemendum.



Nemendafélagið bauð upp á veitingar á árshátíðardegi.

12.3.3 Þemavikur

Nokkrar þemavikur voru haldnar yfir skólaárið. Í upphafi skólaársins var haldin nýnemavika 18.-22. ágúst þar sem ýmsar uppákomur voru haldnar til að bjóða nýnema velkomna. Boðið var upp á kappát á sal, framboð í nefndir, matarvagn við skólann, stingermót og twister með sápu auk annarra leikja. Nýnemakosningar í nefndir voru haldnar á skólatíma. Skemmtikvöld fyrir nýnema var haldið 20. ágúst og busahittingur í Njarðvíkurskóginum 22. ágúst. Nóg um að vera.

Íþróttavika fór fram dagana 22.-26. september þar sem nemendur tóku þátt í golf-, blak-, körfubolta- og fótboltamótum. Seinni íþróttavikan fór fram 8.-13. mars þar sem nemendur tóku þátt í pílu, badminton, vítaspyrnukeppni, körfuboltamóti og að lokum í deadlift, bekkpressu og að hanga. Vinsælar íþróttavikur sem fóru mjög vel fram. Halloween-vika var haldin 27.-31. október með fjölbreyttum viðburðum, meðal annars súkkulaðiköku, svörtu þema, burgerkappáti, graskeraskreytingakeppni og sýningu á hryllingsmynd á sal.

Jólavikan var haldin dagana 24.-28. nóvember og einkenndist af hátíðlegri stemningu með piparkökum og kakói, piparkökuhúsakeppni, jólapeysudegi og sameiginlegum jólamat. Valentínusarvikan fór fram 9.-13. febrúar og tengdist jafnframt Viku 6, sem leggur áherslu á kynheilbrigði og heilbrigð samskipti. Útvarpsvika var haldin í sömu viku og Valentínusarvikan og Þemaballið var haldið. Útvarpsþættirnir gengu vel og myndaði góða stemningu þessa viku og hafði í þokkabót góð áhrif á sölu nemendafélagsins á Þemaballið.

Góðgerðarvika var haldin dagana 16.-20. mars og tóku nemendur virkan þátt í fjölbreyttum viðburðum á sal skólans. Þar má nefna lukkuhjól, rjómakast í starfsmenn og fulltrúa nemendafélagsins, áheitasöfnun og innanhúss fótboltaleik. Sérstaka athygli vakti þegar Denas hljóp maraþon innan skólans til styrktar góðu málefni í tengslum við vikuna. Kosningavika fór fram 19.-23. apríl þar sem kosningar voru haldnar í stjórn og nefndir NFS. Kjörstjórn sá um að tryggja að kosningar nemendafélagsins NFS fari fram samkvæmt lögum félagsins og framkvæmd þeirra sé markviss og skipulögð. Tómstundafulltrúi hefur eftirlit með störfum kjörstjórnar, yfirfer framboð og tryggir að þau séu lögmæt, heldur utan um talningu atkvæða og útbýr glærur í samvinnu með kjörstjórn með úrslitum kosninga.

12.4 Niðurlag

Að lokum má segja að skólaárið 2025-2026 hafi verið afar viðburðaríkt og farsælt í starfi tómstundafulltrúa FS. Samstarf við nemendur, starfsfólk og samstarfsaðila hefur verið öflugt og lagt grunn að sterku og jákvæðu félagslífi og forvarnarstarfi. Vonir standa til að áframhald verði á þeirri góðu þróun sem hér hefur átt sér stað.

Elínborg Ingvarsdóttir tómstundafulltrúi tók saman.